FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
262. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 7. NÓVEMBER 2017


Mikil fundahöld voru hjá öllum stjórnmálaflokkum í gær og fram á kvöld eftir að upp úr slitnaði í tilraun Katrínar Jakobsdóttur, formanns VG, til þess að mynda stjórn með Samfylkingu, Pírötum og Framsókn. Þessi mynd var tekin síðdegis í gær þegar Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var á hraðferð inn á þingflokksfund í Valhöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Vandséð stjórn án Sjálfstæðisflokksins

**Katrínu Jakobsdóttur tókst ekki að mynda stjórn Vinstri-grænna, Samfylkingar, Framsóknar og Pírata. Sjálfstæðismönnum sem blaðið ræddi við hugnast best þriggja flokka ríkisstjórn með Vinstri-grænum og Framsóknarflokki, en slík stjórn gæti reynst Katrínu erfið.**

**STJÓRNMÁL** Eftir atburði gærdagsins virðist ljóst að meirihlutastjórn verður ekki mynduð án Sjálfstæðisflokks. Katrín Jakobsdóttir skilaði stjórnarmyndunarumboðinu á Bessastöðum síðdegis í gær eftir að Framsóknarmenn slitu stjórnarmyndunarviðræðum sem staðið hafa yfir undanfarna daga.

Í samtali við fjölmiðla á Bessastöðum gaf Katrín Jakobsdóttir til kynna að ekki væri grundvöllur til að taka Flokk fólksins og Viðreisn inn í þær formlegu viðræður sem slitið var í gær, í stað Framsóknarflokksins.

Þeim Sjálfstæðismönnum sem Fréttablaðið hefur rætt við lýst best á myndun þriggja flokka stjórnar með Vinstri grænum og annað hvort Framsóknarflokki eða Samfylkingu. Vinstri græn eru sögð þrýsta mjög á síðari kostinn, enda verði stjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki Katrínu erfið vegna baklandsins og auðveldara verði að hafa Samfylkinguna með. Samfylkingin útilokar ekki lengur samstarf með Sjálfstæðisflokki samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Flokkurinn er þó enn tregur í taumi en lítur með jákvæðari augum á þátttöku ef Viðreisn yrði tekin að borðinu.

Stjórn Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Samfylkingar hefði 34 manna meirihluta á þingi; 38 manna meirihluta ef Viðreisn fengi að fljóta með.

Enginn þeirra sem Fréttablaðið ræddi við í gær úr röðum þessara flokka útilokaði að þessi stjórn gæti orðið að veruleika, þótt Sjálfstæðismönnum hugnist þessi kostur, að sögn, ekki eins vel og þriggja flokka stjórn. Aðrir viðmælendur blaðsins hafa haft á orði að jafn breið stjórn og þessi sé líklegri en aðrar stjórnir til að auka stöðugleika í stjórnmálum. Viðmælendur blaðsins úr hópi Samfylkingar segjast þó ekki fara í stjórn nema um raunverulega uppbyggingu í velferðarmálum verði að ræða og stjórnarskrármálin yrðu einnig að komast á dagskrá.

**– aá / sjá síðu 4**

## Víða pottur brotinn í Plastbarkamálinu

**VÍSINDI** Ekki voru til staðar tilskilin leyfi fyrir rannsóknum sem gerðar voru á sjúklingi á Landspítala Íslands í tilefni af skrifum á vísindagrein sem birt var í læknatímaritinu The Lancet. Þetta er meðal fjölmargra aðfinnslna í niðurstöðum rannsóknarnefndar um aðkomu starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítalans að Plastbarkamálinu.

Í niðurstöðu nefndarinnar er einnig rakið hvernig ítalski skurðlæknirinn Paolo Macchiarini hafi fengið íslenskan skurðlækni, Tómas Guðbjartsson, til að breyta tilvísunarvottorði sínu fyrir sjúkling í málinu. Að mati nefndarinnar var orðalag vottorðsins óvarlegt og bauð upp á mistúlkun. Í athugasemdum sínum til nefndarinnar segist Tómas hafa verið beittur blekkingum.

Í skýrslunni kemur einnig fram að víða hafi pottur verið brotinn í málinu hér á landi. Ekki er hins vegar talið, eða í það minnsta ósannað, að það hafi verið gert af ásetningi.

Nefndin leggur til að heimildir vísindasiðanefndar til að grípa inn í óleyfisrannsóknir verði auknar og að nefndin gefi út leiðbeinandi álit vegna rannsókna. Að auki er lagt til að ekkju sjúklingsins verði veitt fjárhagsaðstoð til að sækja mögulegan rétt sinn.

**– jóe / sjá síðu 6**


Tómas Guðbjartsson

## Gagnrýnir Sogn

**FANGELSISMÁL** „Á Sogni eru fangaverðir valdafígúrur sem halda sig að mestu á bak við luktar dyr,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, í aðsendri grein í blaðinu í dag. Þar deilir hann mjög á fangelsið Sogn sem hann segir að ætti ekki að falla undir opið fangelsi.

Hann lýsir gjá á milli starfsfólks og vistmanna og segir eftirlitið of mikið, regluverk íþyngjandi og pappírsvinnu í tengslum við einföldustu beiðnir óþarflega flókna.

**– ósk / sjá síðu 15**


**Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu**

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Hanna Katrín Friðriksson vill hnykkja enn frekar á samfélagslegri ábyrgð lífeyrissjóða. 14

**SPORT** Heimir Guðjónsson, flytur til Færeyja og tekur við liði HB. 16

**MENNING** Bæði léttleiki og dramatík verða í sal Tónlistarskólans í Garðabæ í kvöld. 22

**LÍFIÐ** Laddi opnar myndlistarsýningu á fimmtudaginn. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Breytileg átt á landinu og vindhraði hóflegur. Það verða dálítil él á við og dreif um landið vestanvert. Á austurhelmingi landsins verður hins vegar slydda eða snjókoma um tíma því snaggarlegt úrkomusvæði mun ganga þar yfir. SJÁ SÍÐU 20

## Eftirköst óveðursins



Vindhviður fóru í allt að 65 metra á sekúndu þegar mikið óveður gekk yfir landið í fyrrakvöld og mátti sjá eldingar og heyra þrumur sem fylgdu. Yfir 40 þúsund Íslendingar glímdu við rafmagnsleysi. Flest verkefni björgunarsveitanna og viðbragsaðila tengdust byggingarsvæðum í borginni og voru menn enn að í gær við að ganga frá hlutum sem fuku þegar veðrið var sem verst. Mikil mildi þykir að ekkert stórtjón hafi orðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Millifæra fé í gegnum Fésbók

**VIÐSKIPTI** Facebook mun á næstu vikum gera fólki utan Bandaríkjanna kleift að millifæra fjármuni í gegnum smáforritið Messenger.

Þjónustan hefur verið í boði í Bandaríkjunum frá 2015. Tilkynnt var í gær um að stefnt sé að því að opna þjónustuna fyrir notendur annars staðar á allra næstu vikum.

Facebook bætist þar með í hóp tæknirisa sem bjóða upp á slíka þjónustu. Apple hefur boðað komu Apple Pay Cash sem leyfir fólki að senda fé í gegnum iMessage. Þá hafa PayPal og Square Inc. boðið upp á svipaðar leiðir.

Óvíst er hvaða áhrif, ef einhver, þjónustan mun koma til með að hafa á starfsemi banka og hvort þeir komi til með að missa spón úr aski sínum vegna þessa. **– jóe**



Slysið varð á gatnamótum Sæbrautar og Kirkjusands í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Lést í umferðarslysi í gær

**SLYS** Karlmaður lést í umferðarslysi á gatnamótum Sæbrautar og Kirkjusands í Reykjavík í gær þegar reiðhjól og bifreið rákust saman. Hinn látni var á reiðhjólinu.

Lögreglunni barst tilkynning um slysið upp úr klukkan eitt í gær.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa og lögreglan rannsaka tildrög slyssins og lögreglan segir að ekki sé unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.

Lögreglan óskar eftir vitnum að slysinu og biður þá sem hafa upplýsingar um slysið að hafa samband. **– ósk**

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED skápalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

# Vilja að ÁTVR sæki um nýtt leyfi fyrir vínbúð

**Bæjarstjórn Garðabæjar skorar á ÁTVR að sækja um leyfi fyrir nýrri Vínbúð sem til stendur að opna í Kauptúni. ÁTVR sótti ekki um leyfi til bæjarstjórnar fyrir nýrri staðsetningu en fyrri leyfisveiting gerði ráð fyrir vínbúð við Garðatorg.**

**STJÓRNSÝSLA** ÁTVR hefur ekki sótt sérstaklega um leyfi hjá bæjarstjórn Garðabæjar fyrir opnun fyrirhugaðrar Vínbúðar í Kauptúni sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt. Fyrra leyfi bæjarins til ÁTVR fyrir vínbúð, sem lokað var fyrir þó nokkrum árum, var bundið við aðra staðsetningu. Bæjarfulltrúi furðar sig á málinu og skorar bæjarstjórn á ÁTVR að sækja um leyfi fyrir versluninni í Kauptúni. ÁTVR stefnir á að opna verslunina 15. nóvember.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis samþykkti starfsleyfi ÁTVR í Kauptúni 3 til allt að 12 ára á fundi sínum 30. október. Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar síðastliðinn fimmtudag lagði bæjarfulltrúi meirihlutans, Sigurður Guðmundsson, fram bókun þar sem hann fagnaði því að Vínbúð væri að opna aftur í Garðabæ eftir margra ára fjarveru. Hins vegar vekti það furðu hans að ÁTVR hafi ekki sótt um leyfi fyrir áfengissölu á nýjum stað, líkt og kveðið er á um í áfengislögum.

ÁTVR rak fyrir mörgum árum Vínbúð við Garðatorg en Sigurður segir ÁTVR hafa lokað henni einhliða og án samráðs eða samvinnu við bæjarstjórn Garðabæjar. Árið 2003 hafi bæjarstjórn Garðabæjar samþykkt að veita ÁTVR leyfi til reksturs vínbúðar en leyfið var bundið skilyrði um staðsetningu við Garðatorg.

„Nú fréttir maður af því að þeir ætli að opna í Kauptúni, en þá hafa þeir ekki sótt um leyfi sérstaklega til þess,“ segir Sigurður í samtali við Fréttablaðið.




Framkvæmdir við nýja Vínbúð ÁTVR í Kauptúni eru langt komnar og stefnt á opnun 15. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Sigurður Guðmundsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ.

Sigurður bendir á í bókun sinni að samkvæmt áfengislögum skal leita álits skipulagsnefndar sveitarfélaga varðandi rekstur áfengisverslunar. Í lögunum komi einnig fram að sveitarstjórn sé heimilt að binda veitingu leyfis til reksturs útsölustaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar og afgreiðslutíma.

Í ljósi þess að ÁTVR hafi ekki farið að þessum lögum sammæltist bæjarstjórn Garðabæjar því til ÁTVR með bókuninni að stofnunin sæki um leyfi fyrir opnun vínbúðar í Kauptúni, þar sem leyfi var áður bundið við rekstur vínbúðar að Garðatorgi.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að í áratugi hafi verið í gildi það verklag hjá stofnuninni að sækja um starfsleyfi fyrir nýjum staðsetningum á vínbúðum til heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga.

„Ef vínbúð hefur ekki verið áður í sveitarfélaginu hefur verklagið verið þannig að sótt er um leyfi til sveitarstjórna. Ef það leyfi hefur fengist hefur verið talið nægjanlegt að sækja um leyfi fyrir starfseminni á nýjum stað til heilbrigðisnefndar.“

Segir Sigrún Ósk að ÁTVR muni þó hafa samband við bæjaryfirvöld í framhaldinu og kanna málið nánar en vonar að ágreiningurinn valdi ekki töfum á fyrirhugaðri opnun, þann 15 nóvember næstkomandi. **mikael@frettabladid.is**


SUZUKI
Way of Life!
FULLVAXINN BALENO
Á SMÁBÍLAVERÐI!
KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
NÝR TÍMAMÓTA BALENO
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum
flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur
... samruni hönnunar og rýmis.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með
MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum
bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Tveggja mánaða fangelsi fyrir tvær líkamsárásir

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmdi síðastliðinn fimmtudag mann í tveggja mánaða fangelsi fyrir tvær líkamsárásir gegn fyrrverandi sambýliskonu hans. Manninum var gefið að sök að hafa veist tvívegis að konunni á heimili mannsins. Hann játaði sök fyrir dómi og taldi dómurinn því nægilega sannað að hann hafi gerst sekur um þau brot sem hann var sakaður um. Í fyrri árásinni sló hann konuna hnefahöggi og skallaði hana í andlit. Því næst ýtti hann konunni upp að vegg með því að leggja framhandlegg sinn upp að hálsi hennar og halda henni þannig fastri. Eftir að hún náði að losa sig réðst maðurinn að henni á ný og hélt henni á gólfinu. Í síðari árásinni réðst hann að konunni með hnefahöggum og skallaði hana ítrekað í andlit. Hann hrinti henni í gólfið svo enni hennar skall í gólfið. Konan hlaut bólgur og mar um allt andlit í kjölfar árásanna. Maðurinn var dæmdur til að greiða konunni 300 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn á langan sakaferil að baki sem teygir sig aftur til ársins 1999. Hann hefur margsinnis verið dæmdur til refsingar fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

Þar að auki hefur hann verið dæmdur í fangelsi fyrir þjófnað, brot gegn valdstjórninni og fyrir að raska umferðaröryggi og stofna lífi og heilsu vegfaranda í háska með akstri sínum.

Hann hefur einnig ítrekað sætt sektum fyrir umferðarlagabrot og hefur verið sviptur ökurétti ævilangt.

Dómurinn leit til þess að maðurinn hafi nú í annað sinn ítrekað brot sem tengt er við vísvitandi ofbeldi og leiddi það því til þess að maðurinn hlaut þyngri refsingu en ella. Hins vegar féllst dómurinn á það með manninum að lækka beri refsingu hans vegna þess að árásirnar hafi verið unnar í áflogum. **– þv**



**Maðurinn kýldi og skallaði konuna ítrekað.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Forysta stefnir Framsókn

**DÓMSMÁL** Einkahlutafélagið Forysta ehf., sem rekur meðal annars vefinn Veggurinn.is, hefur stefnt Framsóknarflokknum. Viðar Garðarsson, forsvarsmaður Forystu, vildi ekki veita upplýsingar um efni stefnunnar þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær. Fyrirtaka er eftir hádegi í dag.

Forysta sinnir miðlun á fréttatengdu efni. Hins vegar starfar fyrirtækið á sviði almannatengsla og markaðsþjónustu. **– jhh**

## Pólsk fjölskylda lést á föstudag

**SLYS** Fólkið sem lést er bifreið þeirra lenti í sjónum við höfnina á Árskógssandi síðastliðinn föstudag var frá Póllandi, búsett í Hrísey til nokkurra ára.

Um var að ræða sambúðarfólk, 36 og 32 ára og 5 ára dóttur þeirra. Bíll fjölskyldunnar fór fram af bryggjunni á Árskógssandi um klukkan hálf sex á föstudag. Voru þau flutt á sjúkrahúsið á Akureyri þar sem þau voru úrskurðuð látin.

Að ósk aðstandenda verða nöfn þeirra ekki gefin upp eða nánari upplýsingar.

Samveru- og bænastund var haldin í Hríseyjarkirkju í gær. Þar hittust íbúar eyjunnar og minntust þeirra þriggja sem fórust.

Rannsókn lögreglunnar á Norðurlandi eystra á tildrögum slyssins er ólokið. Verið er að ræða við vitni til að fá betri mynd á atburði. Bílnum hafi verið ekið á eðlilegum hraða eftir bryggjunni þar sem hann stöðvaði aldrei áður en hann fór fram af. **– ósk**

**LEIÐRÉTTING**

*Dómkirkjan í Reykjavík var vígð 30. október 1796, ekki 6. nóvember eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.*

# Oftast á tali hjá fjórflokknum

**Fimm stjórnir eru nú ræddar meðal forystumanna flokkanna og sitt sýnist hverjum. Formenn VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar eru í aðalhlutverki. Möguleikar Pírata til stjórnarþátttöku eru litlir sem engir.**

**STJÓRNMÁL** „Allt galopið,“ segja flestir heimildarmenn Fréttablaðsins um möguleika á stjórnarmyndun eftir að formlegar viðræður Vinstri grænna, Framsóknarflokks, Samfylkingar og Pírata fóru út um þúfur í gær. Kostunum virðist fara fjölgandi fremur en hitt og eru nú nefndir fimm mögulegir kostir.

Heimildarmenn blaðsins úr röðum Sjálfstæðismanna segja forystumenn flestra flokka vera að tala saman og flest símtöl vera milli forystumanna fjórflokksins. Logi Einarsson og Bjarni Benediktsson hafa þó ekki ræðst við beint, en Katrín ræðir mjög við þá báða og reynir nú til þrautar að koma á samtali milli þessara þriggja flokka. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Framsóknarmenn þrýsta hins vegar á samtal milli Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna.

Mjög virðist hins vegar hafa dofnað talsambandið milli Framsóknarflokks og Miðflokksins sem lifnaði yfir í síðustu viku, líkt og blaðið greindi frá. Formaður Framsóknarflokksins lýsti því yfir í gær að honum hugnaðist ekki lengur stjórn til hægri og viðmælendur Fréttablaðsins úr hópi Sjálfstæðismanna eru á einu máli um að Sjálfstæðismenn eigi frekar að mynda stjórn með Vinstri grænum og Samfylkingu eða Framsóknarflokki frekar en með Miðflokki, Framsókn og Flokki fólksins, þó ekkert sé útilokað í þeim efnum.

Þá hafa nokkrir viðmælendur blaðsins nefnt mögulega stjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Vinstri grænna og Samfylkingar, sem yrði þá stjórn fjórflokksins á móti rest. Helsti farartálminn í því mynstri er Samfylkingin.

Píratar eiga fáa möguleika á þátttöku í stjórnarmyndun eftir að upp úr flosnaði milli fráfarandi stjórnarandstöðuflokka.

Þingmenn Viðreisnar eru sennilega afslöppuðustu þingmenn landsins um þessar mundir og geta vel hugsað sér að vera í stjórnarandstöðu þetta kjörtímabil. Þeir útiloka þó ekki þátttöku í ríkisstjórn sem stuðlar að auknum stöðugleika.

Forystumenn flokkanna eru þó flestir sammála um að samtöl milli flokkanna þurfi tíma til að þroskast og tíðinda sé líklega ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi upp úr miðri viku. **aðalheidur@frettabladid.is**



**Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, skilaði stjórnarmyndunarumboðinu til forsetans í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Mögulegar stjórnir sem nú eru ræddar**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 34 þingmenn | 35 þingmenn | 38 þingmenn | 42 þingmenn | 35 þingmenn |



# Nýr Tiguan á ómótstæðilegu haustverði.

**Vetrarpakki** með **50% afslætti**
býðst með öllum Tiguan til áramóta:

- Vetrardekk 110.000 kr.
- Dráttarkrókur 165.000 kr.
- Gúmmímotta í farangursrými 25.000 kr.

Samtals **300.000 kr.** með 50% afslætti
**150.000 kr.**




## Betur búinn Tiguan með kaupauka fyrir veturinn.

Við bjóðum sérlega vel útbúna Volkswagen Tiguan á ótrúlega góðu verði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði og nú býðst einnig freistandi vetrarpakki með öllum nýjum Tiguan. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2017

### Tiguan Offroad

- „Offroad" útlit, 20 cm veghæð
- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
- Loftkæling
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Þakbogar
- Bakkmyndavél
- Montana 17" álfelgur

**Tilboðsverð**
**4.990.000 kr.**
**Listaverð 5.490.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TSI**
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta

**Tilboðsverð**
**5.490.000 kr.**
**Listaverð 5.890.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TDI**
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG7
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta

### Tiguan Comfortline +

- Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
- Mirror Link og Apple CarPlay
- LED aðalljós
- Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
- Þrískipt tölvustýrð loftkæling
- Akreinavari
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Hraðastillir
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan og í afturhlera
- Þriggja svæða loftkæling
- Þakbogar
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Montana 17" álfelgur
- Rafmagnshleri
- Lyklalaust aðgengi
- Aðfellanlegir speglar

**5.990.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TSI**
Bensínmótor
Sjálfskiptur DSG6
150 hestöfl | 250 Nm tog
Meðaleyðsla 6.9 l/100 km
2.200 kg dráttargeta

**6.390.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn TDI**
Dísilmótor
Sjálfskiptur DSG7
150 hestöfl | 340 Nm Tog
Meðaleyðsla 5.7 l/100km
2.500 kg dráttargeta

**Við látum framtíðina rætast.**

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Lögbrot og blekkingar í Plastbarkamáli

**Vottorð íslensks læknis í Plastbarkamálinu var ekki eins og best verður á kosið að mati rannsóknarnefndar. Leyfi skorti fyrir vísindarannsókn vegna málsins hér á landi. Nefndin leggur til að ekkju mannsins verði veitt fjárhagsaðstoð til að sækja mögulegan rétt sinn.**

**VÍSINDI** Ekki voru til staðar tilskilin leyfi fyrir rannsóknum sem gerðar voru á sjúklingi á Landspítala Íslands í tilefni af skrifum á vísindagrein sem birt var í læknatímaritinu The Lancet. Þetta er meðal fjölmargra aðfinnslna í niðurstöðum rannsóknarnefndar um Plastbarkamálið.

Rektor Háskóla Íslands (HÍ) og forstjóri Landspítalans (LSH) skipuðu fyrir rúmu ári nefnd til að rannsaka mál Andemariams Beyene. Árið 2011 undirgekkst hann aðgerð á Karolinska sjúkrahúsinu (KS) þar sem græddur var í hann plastbarki. Sænskar rannsóknir hafa varpað ljósi á það að farið var á svig við lög og reglur þar ytra. Lífi sjúklinga hafi verið stefnt í hættu á kerfisbundinn hátt og að enginn vísindalegur grundvöllur hafi verið fyrir aðgerðinni. Var nefndinni hér heima ætlað að varpa ljósi á aðkomu starfsmanna HÍ og LSH að málinu.

Íslenskur læknir, Tómas Guðbjartsson, annaðist Beyene hér á landi og vísaði honum til KS. Í niðurstöðum nefndarinnar segir að Tómas hafi gert sér grein fyrir því að ytra hafi menn að minnsta kosti verið að íhuga að senda sjúklinginn í barkaígræðslu og að honum hefði mátt vera ljóst að um tilraunaaðgerð væri að ræða. Ekkert bendi hins vegar til þess að honum hafi verið ljóst að öll opinber og nauðsynleg leyfi ytra hafi skort.

Eftirfylgni með Beyene var einnig í höndum Tómasar. Framkvæmdar voru rannsóknir á sjúklingnum í þeim tilgangi að nota niðurstöður þeirra í grein sem síðar birtist í tímaritinu The Lancet. Tómas, ásamt lækninum Óskari Einarssyni, voru meðhöfundar að þeirri grein. Það er mat nefndarinnar að Tómasi hafi mátt vera ljóst að tilefni hafi verið til að kanna hvort um leyfisskyldar rannsóknir hafi verið að ræða. Ekki séu hins vegar forsendur til að áætla að þær reglur hafi verið brotnar af ásetningi.

Í svari Tómasar til fréttastofu sagði hann að hann hygðist kynna sér skýrsluna áður en hann myndi tjá sig um hana. Með skýrslunni eru birt fylgiskjöl þar sem meðal annars koma fram athugasemdir hans við drögum að henni. Í athugasemdum við þennan hluta segir Tómas að hann hafi talið að tilskilin leyfi væru í Svíþjóð fyrir rannsókninni.

„[V]ið áttuðum okkur ekki á að leyfisskylda væri fyrir rannsókn á aðeins einum sjúklingi, enda ekki hefð fyrir slíkum leyfum hér á landi," segir hann enn fremur.

Í niðurstöðum hvað varðar lagalegan og siðferðilegan grundvöll fyrir þátttöku Tómasar og Óskars í birtingu greinarinnar er það metið Tómasi til málsbóta að hann reyndi að tóna niður hástemmdar lýsingar á bata Beyene. Ekki var fallist á þær breytingar. Eftir að það var ekki gert hefði þeim borið að draga nafn sitt af lista yfir höfunda hennar. „Verður að telja að vinnubrögð þeirra, […] uppfylli ekki þær gæðakröfur sem gerðar hafa verið til vísindamanna," segir í skýrslunni.



Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, gegndi formennsku í nefndinni en aðrir nefndarmenn voru María Sigurjónsdóttir, geðlæknir í Ósló, og Georg Bjarnason, krabbameinslæknir í Toronto. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tvímenningarnir hafa óskað eftir því að nöfn þeirra verði fjarlægð af greininni en því hefur ekki verið sinnt.

Í yfirlýsingu frá Óskari Einarssyni segir að hann harmi að hafa ekki borið gæfu til að neita því að gerast meðhöfundur að greininni. Þátttaka hans í meðferð Beyene hafi aðeins verið læknisverk og hann ekki litið á sig sem þátttakanda í vísindatilraun. Þá ítrekar hann að hann hafi ekki komið að þeirri ákvörðun að leita til KS og að hann hafi ekki komið að undirbúningi eða framkvæmd aðgerðarinnar.

Nefndin leggur til að vísindasiðanefnd útbúi leiðbeinandi álit um mörk milli gagnarannsókna og vísindarannsókna á mönnum. Þá er lagt til að veita vísindasiðanefnd valdheimildir til afskipta af vísindarannsóknum þar sem vanrækt hefur verið að sækja um leyfi. Að endingu er lagt til að kannað verði að ekkju Beyene verði veitt fjárhagsaðstoð til að ráða sér lögmann vegna málsins. **johannoli@frettabladid.is**

## Af samskiptum Tómasar og Macchiarinis

Skýrsla nefndarinnar er ítarleg og vel á þriðja hundrað síður. Í niðurstöðukafla hennar er meðal annars vikið að því að í upphafi hafi Beyene verið vísað til KI til faglegs mats á því hvort laser-skurður á krabbameininu eða uppskurður hafi verið mögulegur. Macchiarini bað Tómas hins vegar að setja inn eftirfarandi texta í stað þeirrar beiðni;

„Þessi sjúklingur hefur þegar fullreynt allar læknismeðferðir og eina von hans um líf og lækningu, […], er fólgin í brottnámi æxlisins með öruggri endurgerð, annaðhvort með hefðbundnum barkauppskurði eða með ígræðslu. Ég bið ykkur vinsamlegast að hjálpa okkur í þessu erfiða tilfelli."

Um þessa breytingu segir Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar, að orðfærið sé „á tæpasta vaði að samrýmast skyldum hans". Skrúfi menn upp orðalag geti það boðið upp á mistúlkun og misnotkun.

Í athugasemdum við skýrsluna segir Tómas að Macchiarini hafi blekkt hann. Skilningur hans hafi verið sá að ítalski læknirinn vildi halda inni þeim möguleika að græða nábarka, það er barka úr látnum einstaklingi, í Beyene.

Í skýrslunni eru frekari tölvupóstsamskipti Tómasar og Macchiarini rakin. Í einum slíkum, sem sendur er þremur vikum eftir aðgerðina, segir Tómas „Takk Paolo. [Það er] mikilvægt fyrir mig að mynda tengingar, bæði klíniskar og akademískar. Þetta mál gæti verið byrjunin á einhverju miklu meira milli Íslands og Karolinska."

## Helstu dagsetningar í Plastbarkamálinu

**September 2009** Erítreumaðurinn Andemariam Beyene kemur til Íslands til að nema jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

**Október 2009** Stórt æxli, 3x3 cm, finnst í berkju Beyene. Það var fjarlægt að mestu síðar í mánuðinum.

**2010** Ítalski skurðlæknirinn Paolo Macchiarini ráðinn sem prófessor á Karolinska Institutet (KI) og sérfræðingur við Karolinska háskólasjúkrahúsið (KS).

**Febrúar 2011** Æxli greinist á ný í Beyene og geislameðferð hefst.

**11. apríl 2011** Tómas Guðbjartsson ritar Macchiarini bréf með upplýsingum um mál Beyenes. Var hann beðinn um að skoða mál hans og hvaða meðferð hentaði best.

**15. apríl 2011** Tómas sendir Hlyni N. Grímssyni, þá sérfræðingi í krabbameinslækningum á Landspítalanum, tölvupóst um svar Macchiarinis sem barst símleiðis. „Hann spáði jafnvel í transplant! Slík lausn gæti verið flókin fyrir mann frá Erítreu," segir meðal annars í bréfinu.

**9. júní 2011** Macchiarini græðir plastbarka, hjúpaðan stofnfrumum, í Beyene. Aðgerðin var sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

**24. nóvember 2011** Grein Macchiarinis um aðgerðina á Beyene birtist í læknatímaritinu The Lancet. Áður hafði henni verið hafnað af New England Journal of Medicine.

**Nóvember 2013** Macchiarini sagt upp störfum á Karolinska eftir að ljóst var hve skaðlegar afleiðingar aðgerðarinnar voru.

**Janúar 2014** Beyene lést.

**Ágúst 2014** Fjórir læknar kæra Macchiarini til rektors KI fyrir óheiðarlegar vísindarannsóknir.

**Apríl 2015** Sænska lyfjastofnunin kærir KS fyrir brot á lögum þar sem ekki hafði verið sótt um nein leyfi fyrir aðgerðinni á Beyene.

**Febrúar 2016** Forstjóri KI fær Kjell Asperlund til að gera sjálfstæða rannsókn á plastbarkaaðgerðunum. Meðal niðurstaðna Asperlunds var að enginn sjúklinganna þriggja hefði verið dauðvona, fjöldi annmarka hefði verið fyrir, við og eftir ígræðslurnar og að reynt hafi verið að komast hjá því að sækja um tilskilin leyfi fyrir aðgerðunum.




#farasparabara

# Gotterí eða gott frí?

Það er mikilvægt að eiga fyrir góðu hlutunum í lífinu ekki síður en þeim óvæntu. Skráðu þig í reglubundinn sparnað strax í dag.

**íslandsbanki.is/farasparabara**

440 4000

@islandsbanki

íslandsbanki.is

# Deilan um húsið á Hellubraut verður útkljáð fyrir dómi

**Íbúar í tveimur húsum á Hamarsbraut í Hafnarfirði hafa stefnt Hafnarfjarðarbæ og endurskoðanda fyrir dóm vegna fyrirhugaðra breytinga á Hellubraut. Telja fyrirhugaðar byggingar allt of stórar. Vilja fella úr gildi tillögu um deiliskipulag og byggingarleyfi. Segja bæjarfulltrúa hafa tekið ákvarðanir þrátt fyrir vanhæfi.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Íbúar að Hamarsbraut 6 og Hamarsbraut 8 í Hafnarfirði hafa ákveðið að stefna Hafnarfjarðarbæ og Gunnari Hjaltalín endurskoðanda fyrir Héraðsdóm Reykjaness. Ástæðan er sú að Hafnarfjörður samþykkti deiliskipulagsbreytingu og umsókn um byggingarleyfi að Hellubraut 5 og Hellubraut 7 í Hafnarfirði. Gunnar er eigandi lóðanna.

Stefnendur eru annars vegar Jakob Már Ásmundsson og Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir kona hans. Hins vegar Sigrún Arnardóttir og Sölvi Sveinbjörnsson.

Aðalkrafa þeirra er sú að felld verði úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna og að felldar verði úr gildi ákvarðanir byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar um að samþykkja umsóknir um byggingarleyfi að Hellubraut 5 og Hellubraut 7. Til vara krefjast stefnendur þess að ákvarðanir um að samþykkja byggingaráform á lóðunum verði felldar úr gildi.

Lóðin Hellubraut 5 stendur auð núna. Á Hellubraut 7 stendur hins vegar einbýlishús sem byggt var árið 1907. Með deiliskipulagsbreytingunni yrði heimilt að rífa húsið. Í stefnunni er vísað til þess að húsið sé friðað. Minjastofnun hafi hins vegar heimilað endurnýjun hússins og gert það að skilyrði um að heimila niðurrif þess að nýtt hús með sama þakformi og halla og í sömu meginstærðum yrði byggt á grunni hins eldra.

Stefnendur segja að áformaðar byggingar séu miklu stærri en gert hafði verið ráð fyrir. „Verður að telja að fyrirhuguð hús að Hellubraut 5 og 7 séu meiri að stærð og umfangi en búast mátti við í ljósi byggðamynsturs deiliskipulagsreitsins og að gættu jafnræði um nýtingu lóða á svæðinu,“ segir í stefnunni.



**Húsið Hellubraut 7 í Hafnarfirði var byggt árið 1907. Nú vilja eigendur lóðarinnar rífa það niður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Verður að telja að fyrirhuguð hús að Hellubraut 5 og 7 séu meiri að stærð og umfangi en búast mátti við í ljósi byggðamynsturs deiliskipulagsreitsins og að gættu jafnræði um nýtingu lóða á svæðinu.
>
> Úr stefnu á hendur Hafnarfjarðarbæ og Gunnari Hjaltalín

Stefnendur telja að tveir fulltrúar bæjarstjórnar sem tóku ákvörðun um að samþykkja deiliskipulagið hafi verið vanhæfir til meðferðar málsins. Guðlaug Kristjánsdóttir, fulltrúi í bæjarstjórn, sé fyrrverandi maki íbúa á Hellubraut 3. Sá íbúi hafi gert athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og teljist því aðili málsins þar sem hann hafi verulegra hagsmuna að gæta. Þá búi móðursystir Borghildar Sölveyjar Sturludóttur varabæjarfulltrúa einnig að Hamarsbraut 4. Hún hafi skilað inn athugasemdum við deiliskipulagstillöguna.

Þá er bent á það í stefnunni að Gunnar hafi verið endurskoðandi fyrir Hafnarfjarðabæ og fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Hafnarfirði. Það og störf eiginkonu hans hjá bænum, sem varabæjarfulltrúi skapi vanhæfi borgarfulltrúa til að taka ákvörðun um deiluskipulagið. **jonhakon@frettabladid.is**

## Kosningu lýkur klukkan tvö

**MENNTAMÁL** Atkvæðagreiðslu um formann Kennarasambands Íslands lýkur klukkan tvö í dag. Á hádegi í gær höfðu 37 prósent félagsmanna greitt atkvæði.

Í tilkynningu á vef Kennarasambandsins segir að atkvæðagreiðslan sé leynileg og kjörstjórn leggi áherslu á að félagsmenn virði það í hvívetna. **– jhh**

**Frambjóðendur til formanns Kennarasambandsins eru:**
1. **Guðríður Arnardóttir**, formaður Félags framhaldsskólakennara.
2. **Ólafur Loftsson**, formaður Félags grunnskólakennara.
3. **Ragnar Þór Pétursson**, grunnskólakennari í Norðlingaskóla.

## Stöð 2 semur við Fox

**VIÐSKIPTI** Stöð 2 hefur gert samning við bandaríska kvikmyndaframleiðandann Twentieth Century Fox um að nýjustu bíómyndir Fox verði sýndar á Stöð 2 næstu ár. Stöð 2 hefur áður átt í miklu og góðu samstarfi við Fox um bæði kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

Með samningnum hefur Stöð 2 tryggt áskrifendum sínum aðgang að vinsælum Hollywood kvikmyndum á borð við Trolls, Revenant, Deadpool og margar sem verða á dagskrá Stöðvar 2 á næstu vikum. Þá verða myndir frá Fox einnig aðgengilegar eftir sýningu á streymisþjónustunni Stöð 2 Maraþon NOW.

„Samningurinn við Fox kemur til viðbótar við efnissamninga Stöðvar 2 við HBO, Sony, Warner og NBC Universal og undirstrikar stefnu Stöðvar 2 að bjóða áskrifendum sínum upp á besta sjónvarpsefni og kvikmyndir á markaðnum í dag. Það er frábært að bæta kvikmyndum frá Fox við viðamikla bíómyndadagskrá á Stöð 2 um jólin þar sem ungir sem aldnir munu finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Jóhanna Margrét Gísladóttir dagskrárstjóri Stöðvar 2. **– ósk**




## Laumufarþeginn Abú sást síðast taka stefnuna í átt að Hlemmi

**GÆLUDÝR** „Hann er svolítið forvitinn en þetta hefur aldrei gerst áður,“ segir Heiðdís Snorradóttir, eigandi kattarins Abú, sem hvarf nýlega á ævintýralegan hátt.

Nágranni Heiðdísar vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið dag einn fyrir tveimur vikum þegar hann opnaði skottið á bílnum sínum á bílastæðinu við Heklu á Laugavegi. „Þá hoppaði kötturinn út og hljóp í átt að Hlemmi og hefur ekki sést síðan,“ segir Heiðdís. Abú hafði þá laumað sér með í bíltúr ofan úr Breiðholti.

Heima í Eyjabakka bíður systir Abú, læðan Jasmín. Saman fundust þau fimm vikna fyrir fimm árum ásamt tveimur systkinum sínum í pappakassa sem skilinn hafði verið eftir á víðavangi í Borgarnesi. „Það er ótrúlega algengt að fólk losi sig við kettlinga með því að láta þá drepast úti,“ segir Heiðdís sem fékk þau Jasmín og Abú í Kattholti og segir að Jasmín sakni bróður síns sárt. „Hún vill helst bara sofa uppi og fyrstu dagana fór hún út og leitaði að honum um allt.“

Abú og Jasmín ólust upp í Nóatúni fyrstu sjö eða átta mánuðina. „Við héldum að hann myndi kannski leita þangað,“ segir Heiðdís sem kveðst því hafa svipast um eftir Abú í Nóatúni.

„Síðan er ég búin að fara tvær ferðir að útisvæðinu í kring um Háteigskirkju þar sem ég kallaði á hann – eins og kjáni því maður kallar eiginlega ekki kisur til sín,“ útskýrir Heiðdís en tekur þó fram að Abú svari nafni og sé ósköp gæfur og mannblendinn.



**Systkinin Jasmin og Abú til hægri sem nú er með græna ól og tvær bjöllur um hálsinn.** MYND/HEIÐDÍS SNORRADÓTTIR

Heiðdís segir að fjölskyldan hafi átt heima í Þjóttuseli áður en hún flutti í Eyjabakka. Abú hafi í fyrstu átt það til að strjúka upp í Þjóttusel þar sem tengdaforeldrar hennar búa. „Þannig að hann kann alveg að flakka og er eiginlega alger útiköttur. En hann hefur aldrei látið sig hverfa í meira en sólarhring,“ segir hún.

Engar áreiðanlegar vísbendingar hafa borist um ferðir Abú frá því hann hvarf af planinu við Heklu. Hann er ekki enn með sömu merkingu og á meðfylgjandi mynd. „Abú er bara með græna hálsól núna og tvær bjöllur. En hann er mjög sérstakur í framan og er skemmtilegur og glaðlegur karakter. Hann vill klárlega koma heim og við söknum hans mjög mikið.“ **– gar**

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

**TILBOÐ**

## HLEÐSLUSETT 6 VÉLAR

18v sett í þremur tösku
settið inniheldur:
Fjölnota sög
Hjólsög
Slípirokk
Borvél
SDS + Borvél Hleðslutæ
3x Rafhlöður 18v 5 Ah



vnr 94DCK654P3T

**169.000** m/vsk

Fullt verð 186.590

### SLÍPIROKKUR 18V 2 X 5 AH RAFHLÖÐUR



vnr 94DCG405P2

**69.900** m/vsk

Fullt verð 83.144

### HLEÐSLUBORVÉL 18V



vnr 94DCD791P2

**42.900** m/vsk

Fullt verð 53.256

### FJÖLNOTASÖG OG JUÐARI 18V



vnr 94DCS355D2

**50.900** m/vsk

Fullt verð 65.824

### HLEÐSLUBORVÉL 18V



vnr 94DCD778S2T

**25.900** m/vsk

Fullt verð 31.222

### GIPS SKRÚFVÉL 18V



vnr 94DCF620D2K

**58.900** m/vsk

Fullt verð 72.416

### KÍTTIBYSSA 18V



vnr 94DCE581D1

**54.900** m/vsk

Fullt verð 77.640

### HÖGGBORVÉL SDS+ + BORASETT



vnr 94D25033K9700

**19.900** m/vsk

Fullt verð 26.854

### HJÓLSÖG 1350W



vnr 94DWE560

**25.900** m/vsk

Fullt verð 33.809

### VELTISÖG 250 MM



vnr 94DW743

**89.000** m/vsk

Fullt verð 105.757

### LÍNULASER 2JA LÍNU



vnr 94DW088K

**33.900** m/vsk

Fullt verð 42.934

### SLÍPIROKKUR 125 MM 1400W



vnr 94DWE4237

**19.900** m/vsk

Fullt verð 24.765

### FJARLÆGÐARMÆLIR 30 METRAR



vnr 94DW033

**8.900** m/vsk

Fullt verð 13.487

### DÚKAHNÍFUR 25 MM



vnr 93010820

**1.500** m/vsk

Fullt verð 1.921

### SMÍÐABORÐ



vnr 93FMST1-75672

**15.900** m/vsk

Fullt verð 23.369

### KLAUFHAMAR 20 OZ



vnr 93FMHT151277

**3.300** m/vsk

Fullt verð 4.475

### SMÍÐABÚKKAR



vnr 93STS1-70713

**5.690** m/vsk

Fullt verð 8.835

## HLEÐSLUBORVÉL 10,8V

Þrjár 10,8v 2.0Ah rafhlöður
24 Nm hersla
Tveggja gíra
10 mm patróna



vnr 94DCD710D3

**23.900** m/vsk

Fullt verð 32.850

Tilboðsverð gilda til 10. nóvember eða á meðan birgðir endast.

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Hafði áður ráðist á konu sína og barn

**Alls fórust 26 í skotárás í Texas. Morðinginn hafði þjónað í flughernum en verið rekinn fyrir líkamsárásir. Tveir menn eltu hann uppi og eru hylltir sem hetjur. Stjórnmálamenn deila enn um breytingar á byssulöggjöf en Bandaríkjaforseti segir byssur ekki vandamálið.**

**BANDARÍKIN** Maðurinn sem myrti 26 í baptistakirkju í Sutherland Springs í Texas, Bandaríkjunum, í gær var 26 ára hvítur karlmaður. Maðurinn, Devin Patrick Kelley, hafði þjónað í flugher Bandaríkjanna en var rekinn úr hernum árið 2014 eftir að upp komst um að hann hefði ráðist á barn sitt og konu. Tilefni árásarinnar er enn óljóst en maðurinn fannst látinn í bíl sínum skammt frá kirkjunni.

Kelley gekk inn í kirkjuna um hádegi að staðartíma á sunnudag og hóf skothríð. Hann var svartklæddur og í skotheldu vesti, vopnaður sjálfvirkum riffli. Um 400 manns búa í Sutherland Spring og eru þeir 26 sem Kelley myrti því drjúgur hluti bæjarbúa. Því næst flúði hann vettvang á bíl sínum en tveir karlmenn eltu hann.

„Árásarmaðurinn flúði á bíl sínum. Maður kom upp að mér og sagði mér að við yrðum að elta hann,“ sagði Johnnie Langendorff, annar mannanna, við staðarmiðilinn KSAT í gær.

Langendorff var staddur í bíl sínum á gatnamótunum þar sem kirkjan stendur og maðurinn sem um ræðir kom upp að bíl hans með byssu sína. „Hann útskýrði snögglega hvað gerðist, steig upp í bílinn og ég vissi að við þyrftum að keyra af stað.“

Því næst sagði Langendorff að þeir hefðu ekið á um 150 kílómetra hraða á eftir Kelley þar til árásarmaðurinn missti stjórn á bíl sínum og bíllinn stöðvaðist. Kelley lést eftir að hafa orðið fyrir skoti en samkvæmt lögreglu er óljóst hvort hann svipti sig lífi eða hvort annar mannanna tveggja hafi skotið hann til bana. Nokkur skotvopn fundust í bílnum.

„Við leiddum lögregluna að honum. Allir aðrir voru á leiðinni í kirkjuna,“ sagði Langendorff en tvímenningarnir hafa verið lofaðir í bak og fyrir vestanhafs. Ekki hefur þó verið greint frá því hver hinn maðurinn er. Á Facebook-síðu Langendorff hefur fjöldi fólks lýst yfir aðdáun sinni á honum og þakkað honum fyrir.

„Guð blessi þig, bandaríska hetja,“ segir í einum skilaboðunum. „Kærar þakkir Johnnie frá Phoenix, Arizona. Þú hjálpaðir til við að bjarga fjölda mannslífa,“ segir í öðrum.

Viðbrögðin við árásinni hafa verið misjöfn, eins og tíðkast þegar skotárásir sem þessi eru gerðar í Bandaríkjunum. Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði til að mynda að byssur væru ekki vandamálið. „Það eru mikil geðheilbrigðisvandamál í landinu okkar, þetta er ekki byssutengt,“ sagði forsetinn.

Chris Murphy, öldungadeildarþingmaður Demókrata, var ekki á sama máli. „Áður en kollegar mínir fara að sofa í kvöld þurfa þeir að hugsa um hvort stuðningur þeirra við byssuiðnaðinn sé virði þess blóðflæðis sem streymir um gólf bandarískra kirkna, grunnskóla og kvikmyndahúsa,“ sagði þingmaðurinn.

Árásin markar annan mánuðinn í röð þar sem tugir deyja í einni skotárás. 58 voru myrtir í skotárás í Las Vegas í byrjun október.

**thorgnyr@frettabladid.is**



Greg Abbott, ríkisstjóri Texas, huggar bæjarbúa á kertavöku þar sem fórnarlambanna var minnst. NORDICPHOTOS/AFP



**Devin Patrick Kelley.**






## TENERIFE



### Hotel Isla Bonita

**Frá kr. 109.270 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 109.270 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 142.645 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
22. nóvember í 14 nætur.



### Hotel Villa Adeje Beach

**Frá kr. 103.245 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 103.245 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 119.845 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
22. nóvember í 14 nætur.



### Paradero I Apartments

**Frá kr. 54.915 m/ekkert fæði innif.**
Netverð á mann frá kr. 54.915 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 71.645 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
6. desember í 14 nætur.

## GRAN CANARIA



### Roque Nublo

**Frá kr. 89.995 m/ekkert fæði innif.**
Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
28. nóvember í 21 nótt.



### Las Brisas

**Frá kr. 99.995 m/ekkert fæði innif.**
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
28. nóvember í 21 nótt.



### Turbo Club

**Frá kr. 139.995 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 139.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
28. nóvember í 21 nótt.

595 1000 • heimsferdir.is • Opið mán-fös 9-17

Heimsferðir
*– fáðu meira út úr fríinu*

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM84776

# Segir framgöngu Spánverja hneyksli

**SPÁNN** „Leiðtogar þessa lýðræðislega verkefnis eru nú sakaðir um uppreisn og eiga yfir höfði sér þyngstu refsingu spænskra hegningarlaga. Sömu refsingu og fyrir hryðjuverk og morð, þrjátíu ára fangelsi,“ skrifaði Carles Puigdemont, fyrrverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu í grein í Guardian í gær.

Puigdemont leiddi Katalóníu í gegnum kosningar um sjálfstæði og sjálfstæðisyfirlýsingu en eftir að spænska ríkisstjórnin svipti héraðið sjálfsstjórn missti hann forsetaembættið. Þá hafa allir ráðherrar héraðsstjórnarinnar verið ákærðir fyrir uppreisn og vilja Spánverjar fá evrópska handtökuskipun á Puigdemont svo hægt sé að draga hann fyrir rétt.

Í greininni fordæmdi Puigdemont viðbrögð Spánverja við atburðum undanfarinna vikna. Sakaði hann yfirvöld um að beita fádæma hörku og að hann væri hræddur um að réttarhöldin yfir Katalónunum yrðu ósanngjörn. Hann kallaði jafnframt eftir því að alþjóðasamfélagið gagnrýndi Spánverja.

„Spænska ríkið verður sjálft að virða það sem það hefur sagt við hryðjuverkamenn undanfarin ár. Bindið enda á ofbeldið, þá er hægt að tala um hvað sem er. Við sem styðjum sjálfstæði Katalóníu höfum aldrei valið að beita ofbeldi. En nú höfum við komist að því að það var hrein lygi þegar Spánverjar sögðu að hægt væri að ræða málin.“ – þea







# Ráðherrann segir ekkert að viðskiptunum við vin Pútíns

**Viðskiptaráðherra Bandaríkjanna átti í viðskiptum við bæði góðvin og tengdason Rússlandsforseta. Hann hafnar því að nokkuð hafi verið að viðskiptunum en Demókratar krefjast rannsóknar. Indverskur þingmaður svarar ekki og ber fyrir sig þagnareiði.**

**BANDARÍKIN** „Það er ekkert hægt að finna að þessum viðskiptum,“ sagði Wilbur Ross, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, við BBC í gær en fjallað er um það í hinum svokölluðu Paradísarskjölum að ráðherrann hafi í gegnum skipafélagið Navigator stundað viðskipti við rússneska fyrirtækið Sibur.

Sibur er rússneskt olíufélag í eigu þeirra Gennady Timchenko, Kirills Shamalov og Leonids Mikhelson. Timchenko er gamall vinur Vladimirs Pútín Rússlandsforseta og Shamalov er giftur Yekaterínu Pútínu, dóttur forsetans. Þá beinast viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gegn Rússum að þeim Timchenko og Mikhelson.

Uppljóstrunin hefur vakið mikla athygli vestanhafs, sér í lagi þar sem Robert Mueller, sérstakur saksóknari dómsmálaráðuneytisins, rannsakar nú meint afskipti rússneska yfirvalda af forsetakosningunum 2016 og tengslum framboðs Donalds Trump forseta við Rússa. Ross á hlut í Navigator í gegnum aflandsfélög á Cayman-eyjum en skipafélagið flutti olíu og gas fyrir Sibur árum saman.

> Það er ekkert að því að Navigator stundi viðskipti við Sibur. Ef ríkisstjórnin hefði ákveðið að beita þvingunum væri það annað mál.



Wilbur Ross, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna

„Það er ekkert að því að Navigator stundi viðskipti við Sibur. Ef ríkisstjórnin hefði ákveðið að beita þvingunum gegn Sibur væri það annað mál,“ sagði Ross og bætti því við að hann hefði sagt viðeigandi aðilum frá viðskiptunum áður en hann tók við embætti. Þá neitaði hann því að hafa sagt þingnefndinni sem samþykkti skipun hans í embætti ósatt, líkt og hann hefur verið sakaður um.

„Það var villt um fyrir nefndinni. Það var villt um fyrir bandarísku þjóðinni þegar þessi félög voru falin,“ sagði Richard Blumenthal, öldungadeildarþingmaður Demókrata, í gær. Kallaði hann jafnframt eftir því að tengsl viðskiptaráðherrans við tengdason Pútíns yrðu rannsökuð.

En Paradísarskjölin hafa áhrif í fleiri ríkjum en Bandaríkjunum. Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, var í gær hvattur til að taka á skattaundanskotum þar í landi eftir að rúmlega 700 nöfn Indverja fundust í skjölunum. Meðal annars nafn eins ráðherra og annars þingmanns úr flokki Modi.

Ráðherrann Jayant Sinha, neitaði að tjá sig um málið í gær. Þingmaðurinn, Ravindra Kishore, sagði í yfirlýsingu að hann gæti ekki tjáð sig í vikunni þar sem hann hefði svarið þagnareið af trúarlegum ástæðum.

Þá hafa Paradísarskjölin valdið titringi á Bretlandi. Hefur Bretlandsdrottning til að mynda haldið milljónum punda í aflandsfélögum og Ashcroft lávarður, áhrifamaður í Íhaldsflokknum, sömuleiðis. Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, var harðorður í gær. „Þessar uppljóstranir sýna að það eru aðrar reglur fyrir hina ofurríku en aðra þegar kemur að því að borga skatta,“ sagði Corbyn.

Lagði Corbyn til að drottningin myndi biðjast afsökunar. „Allir sem setja peninga sína í skattaskjól ættu að gera tvennt. Annars vegar að biðjast afsökunar og hins vegar að átta sig á því hvað þetta gerir samfélaginu okkar.“

thorgnyr@frettabladid.is

# Ótryggur varaforseti rekinn

**SIMBABVE** Emmerson Mnangagwa, varaforseti Simbabve, var í gær rekinn úr starfi. Þetta staðfesti upplýsingamálaráðherrann Simon Khaya Moyo og sagði ástæðuna ótrygglyndi Mnangagwa.

„Störf herra Mnangagwa eru ekki í samræmi við skyldur hans. Varaforsetinn hafði sýnt ótrygglyndi sitt,“ sagði Moyo í gær.

Robert Mugabe forseti er sagður hafa tekið ákvörðunina en BBC greinir frá því að hún auki líkurnar á því að eiginkona hans, Grace Mugabe, taki við af forsetanum. Grace hefur áður kallað eftir brottrekstri Mnangagwa.

Varaforsetinn þótti einna líklegastur til að taka við forsetaembættinu af Mugabe.

Robert Mugabe hefur verið forseti Simbabve allt frá árinu 1987 en er orðinn 93 ára gamall og því stefnir í forsetaskipti. – þea



**Brottrekstrurinn eykur líkurnar á að Grace Mugabe taki við af eiginmanni sínum.** NORDICPHOTOS/AFP



**Maxpro borðslípivél**
Smergel með spanhreyfli, augnhlíf m/stækkunargleri og álgrind.
250W verð kr. **7.690**
350W verð kr. **8.990**



**Maxpro rafhlöðuborvél**
14,4v 2 hraða, með led lýsingu og auka batterí.
Verð kr. **12.990**



**Maxpro höggborvél** SDS-Plus patróna, högg-deyfir í handfangi, lock on stilling og breytilegur hraði.
710W verð kr. **6.990**
1050W verð kr. **9.890**

# Rafmögnuð verkfæri MÚRBÚÐARVERÐ



**Maxpro stingsög** 800W.
Verð kr. **8.590**



**Maxpro brotvél SDS-Max**.
Höggdeyfir í handfangi, breytilegur hraði.
12000W verð kr. **23.990**
800W verð kr. **13.990**



**Maxpro slípirokkur** 125mm.
950W verð kr. **6.990**
750W verð kr. **5.990**



**Lutool borðsög** (flip-over) 1800W, 255mm blað, 4800 rpm. Verð kr. **54.990**



**Lutool verkfærasett** Combo 3stk. Þráðlaust fjölnota hjakktæki (300W), stingsög (12V) og borvél (12V). Verð kr. **14.990**



**Lutool fjölnota hjakktæki**
300W, 12V batterí. Verð kr. **7.990**



**Lutool rafhlöðuborvél** 24V Li-Ion
Létt og meðferðileg með meiru
Verð kr. **10.880**



**Lutool handsög** fyrir stein, við og járn.
Hægt að tengja við ryksugu, hægt að fá með sagmáti. 600W. Verð kr. **13.990**



**Asaki slípirokkur**
öflug 2200W vél með 230mm blaði.
Verð kr. **14.890**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Lutool® MAXPRO

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

# Vísindalegur óheiðarleiki



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Fá fordæmi eru fyrir jafn grófu vísindamisferli og kristallast í hinu svokallað Plastbarkamáli. Umfangsmiklar rannsóknir hafa farið fram í Svíþjóð á lygum ítalska læknisins Paolo Macchiarini og siðlausum tilraunum hans á fárveikum einstaklingum. Þessar sömu rannsóknir hafa einnig varpað ljósi á hrollvekjandi afstöðu Karolinska Institutet til orðspors, tilrauna og rannsóknarniðurstaðna læknisins eftir að sjálfstæð úttekt hafði verið gerð á störfum hans á Karólínska háskólasjúkrahúsinu.

Sérfræðinganefnd undir formennsku Páls Hreinssonar, dómara við EFTA-dómstólinn, hefur nú skilað niðurstöðum sínum þar sem úttekt var gerð á því hvort ákvarðanir íslenskra heilbrigðisstarfsmanna á Landspítala í tengslum við málið hefðu verið í samræmi við lög, reglur og verkferla.

Niðurstöðurnar varpa í senn ljósi á það hvernig Macchiarini, í krafti stöðu sinnar sem einn virtasti brjóstholsskurðlæknir heims, stóð í umfangsmiklum blekkingarleik gagnvart kollegum sínum í Svíþjóð og á Íslandi, og hvernig íslenskir vísindamenn brugðust þegar á reyndi, bæði í aðdraganda aðgerðarinnar örlagaríku á Erítreumanninum Andemariam Beyene, og í þeirri vísindavinnu sem tók við að henni lokinni.

Andemariam lést tveimur og hálfu ári eftir aðgerðina, í janúar 2014. Hann var fjölskyldumaður og var hér á landi að sækja sér menntun. Í heimalandinu geisaði borgarastyrjöld. Hann var notaður sem tilraunadýr af Macchiarini, en aðrir nýttu sér hlutskipti hans til að koma nafni sínu á spjöld sögunnar.

Vísindagreinin sem birtist í The Lancet 24. nóvember 2011 var hvorki í samræmi við boðleg vísindi né gott siðferði. Þann sama dag birti Háskóli Íslands nafn Andemariams og kom honum í fjölmiðla án þess að taka tillit til hans sem sjúklings og nemanda við skólann. Hann var notaður í auglýsingaskyni.

Ljóst er að íslensku læknarnir voru fullir efasemda um innihald greinarinnar. Þær rannsóknir sem gerðar voru á Andemariam á Landspítala voru ekki gerðar með samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Því var greinin ekki hæf til birtingar frá upphafi. Íslensku læknarnir hefðu átt að segja sig frá greininni. Það gerðu þeir ekki fyrr en í febrúar á þessu ári.

Mistök eru óumflýjanlegur liður í öllu vísindastarfi. Brotaviljinn er sjaldnast einbeittur, nema mögulega í tilfelli Macchiarinis. Landspítali, Háskóli Íslands og viðkomandi læknar skipa framvarðarsveit íslenskra vísinda, vonandi tekst þeim að læra af mistökum sínum.

Það sem eftir stendur er að fársjúkur maður, sem var með tímabundið landvistarleyfi á Íslandi, tók í örvæntingu sinni þátt í ólögmætri tilraun. Íslenskir vísindamenn stunduðu ólögmætar rannsóknir á honum og Háskóli Íslands notaði hann í eigin hagnaðarskyni.

> **Vísindagreinin sem birtist í The Lancet 24. nóvember 2011 var hvorki í samræmi við boðleg vísindi né gott siðferði.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Liðsmaðurinn**

**Stjórnarmyndunarviðræðum stjórnarandstöðunnar var slitið í gær. Framsóknarmönnum þótti 32ja manna meirihluti of naumur. Þetta er út af fyrir sig nokkuð merkileg skýring hjá Framsóknarflokknum, enda hefði ekki þurft fjögurra daga samtal flokkanna til að átta sig á samanlögðum þingstyrk. Hitt er aftur á móti annað mál að óskiljanlegt tal Björns Levís Gunnarssonar, þingmanns Pírata, um mögulegan stuðning hans við þá stjórn sem var til umræðu gat ekki orðið til þess að vekja væntingar hjá neinum um að sú stjórn væri á vetur setjandi.**

**Þátttaka Viðreisnar**

**Vinstrimenn kenna Sigurði Inga Jóhannssyni og Lilju um það hvernig för. Benda þeir meðal annars á að það hafi verið Framsóknarflokkurinn sem vildi ekki styrkja stöðuna og fjölga flokkum í viðræðunum með aðkomu Viðreisnar. En Viðreisn tapaði þremur þingmönnum í kosningunum og hefur verk að vinna við að styrkja innra starfið í ungu stjórnmálaafli. Þorgerður Katrín hefur enda sagt allt frá kosninganótt að það gæti hentað flokknum vel að vera í minnihluta næsta kjörtímabilið. Er eitthvað víst að Þorgerður, aðrir þingmenn Viðreisnar og kjósendur flokksins hefðu kært sig um þátttöku flokksins í þessum viðræðum.** jonhakon@frettabladid.is

# Konur, karlar og lífeyrissjóðir



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður

Um síðustu áramót áttu lífeyrissjóðirnir hreina eign sem nam 3.509 milljörðum kr. samkvæmt hagtölum Seðlabanka Íslands. Lífeyrissjóðirnir eru umsvifamestu aðilar á íslenskum fjármálamarkaði nú um stundir og áhrif þeirra í íslensku viðskiptalífi því veruleg. Í lögum um lífeyrissjóði er hnykkt á samfélagslegri ábyrgð þeirra þar sem sagt er að þeir skuli hafa hagsmuni allra sjóðsfélaga að leiðarljósi og setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Hér þarf að ganga lengra. Það er alkunna að þó margt hafi áunnist í jafnréttismálum hér á landi er það enn viðvarandi vandamál hversu fáar konur gegna stjórnunarstöðum í fjármálageiranum. Í febrúar 2017 voru kynjahlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lífeyrissjóða, skráðra félaga, félaga á leið á markað, óskráðra tryggingafélaga, lánafyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og -miðlana, framtakssjóða, orkufyrirtækja, greiðslustofnana, Kauphallar og lánasjóða á þá leið að 80 karlar gegndu þar stöðu æðsta stjórnanda en einungis átta konur. Staðan er verst þegar kemur að verðbréfafyrirtækjum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem starfa sem milliliðir fyrir fjárfesta gegn þóknun. Þessir fjárfestar eru aðallega lífeyrissjóðir.

Viðreisn mun við fyrsta tækifæri leggja fram frumvarp til laga þar sem hnykkt er enn frekar á samfélagslegri ábyrgð lífeyrissjóða að því er varðar jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna í samfélaginu. Eins og staðan er nú er lífeyrissjóðum í flestum tilvikum stýrt af körlum og karlar eru í verulegum meirihluta ef litið er til starfsmanna sem koma að fjárfestingum og eignastýringu. Frumvarpið kveður m.a. á um að í ársskýrslu sjóðanna skuli gerð grein fyrir framkvæmd jafnréttisstefnu sjóðanna. Þannig beri lífeyrissjóðum t.d. að skýra sérstaklega forsendur þess að fjárfest er í fyrirtækjum þar sem kynjahalli er verulegur meðal æðstu stjórnenda.

Auðvitað ættu þessar áherslur að vera sjálfsagðar og eðlilegar í ljósi hlutverks lífeyrissjóða enda sýna fjölmargar rannsóknir að fyrirtækjum þar sem jafnvægi er í kynjahlutföllum í stjórn og framkvæmdastjórn vegnar almennt betur. Þess vegna er núverandi slagsíða vandamál. Því til viðbótar leiðir hún af sér annað tengt vandamál sem er að aðgengi karla og kvenna að fjármagni er alls ekki það sama. Vonandi munu stjórnmálamenn hvar í flokki sem þeir standa, geta sameinast um þessar áherslur til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

> **Það er alkunna að þó margt hafi áunnist í jafnréttismálum hér á landi er það enn viðvarandi mál hversu fáar konur gegna stjórnunarstöðum í fjármálageiranum.**

gæði – þekking – þjónusta
FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - FITUMÆLINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR
TALNINGAVOGIR
Mikið úrval af talningavogum, sem einfalda talningu á smáhlutum
GOTT VERÐ CELY PC-50 talningavog
Áður 57.109,- NÚ 45.688,-

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Opin fangelsi ... eða hvað?



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Fangelsin á Íslandi eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Margir þættir koma til skoðunar en viðmót starfsfólks vegur þungt. Af þeim sökum má segja að Fangelsið á Akureyri líkist meira fangelsinu Kvíabryggju, þrátt fyrir að hið fyrrnefnda sé lokað en hitt opið, og fangelsið Sogni líkist frekar Litla-Hrauni þrátt fyrir að fangelsið Sogni eigi að heita opið fangelsi. Enda er það bara að nafninu til. Fangelsisyfirvöld viðurkenna sjálf að Sogn sé ekki opið fangelsi þrátt fyrir að það falli þeim megin línunnar í lögunum. Sogn sé frekar framlenging af Litla-Hrauni með lækkuðu öryggisstigi.

Kvíabryggja og Sogn eru í raun svo gjörólík að villandi er að flokka þau saman. Eftirfarandi eru nokkur atriði þar sem munurinn á opnu fangelsunum er áþreifanlegur og alltaf Kvíabryggju í hag:

**Fangaverðir**

Fangaverðir á Kvíabryggju telja það nauðsynlegt að kynnast vistmönnum og fylgja þeim í leik og starfi, en þannig myndist traust og trúnaðarsamband á milli. Vistmenn viti að þeir geta leitað til starfsfólks og starfsfólk verður þess strax áskynja ef eitthvað bjátar á.

Á Sogni eru fangaverðir valdafígúrur sem halda sig að mestu á bak við luktar dyr varðstofunnar. Vistmenn þurfa að banka og horfa upp í myndavél til þess að fá samtal við fangaverði og fá ekki aðgang inn á varðstofu eða skrifstofur nema ef gefa þarf skýrslu. Vistmenn setjast ekki niður með fangavörðum til að ræða málin og fá ekki tækifæri til að mynda tengsl. Gjá er á milli starfsfólks og vistmanna.

Afstaða leggur til að gerð verði tilraun til að manneskjuvæða starf fangavarða á Sogni. Reyna að minnka gjána á milli vistmanna og starfsfólks með því að þeir gefi sér tíma til að kynnast vistmönnum á jafningjagrundvelli, en ekki eingöngu sem yfirvald. Tryggja þarf að vistmenn geti leitað til fangavarða og að alltaf verði tekið vel á móti þeim. Þá mættu fangaverðir vera duglegri við að taka þátt í starfi og leik fanga, og koma með hugmyndir að hópefli.

**Afstaða leggur til að með auknu framboði af vinnu, meira trausti á milli vistmanna og fangavarða og hópastarfi væri hægt að minnka áhuga vistmanna á vímuefnanotkun í fangelsinu.**

**Atvinna**

Almennt þarf að auka framboð af atvinnu í fangelsum og það á bæði við um Kvíabryggju og Sogn. Vistmenn í vinnu eru góðir vistmenn sem ekki þarf að skylda til að mæta í matmálstíma, eins og gert er á Sogni en ekki Kvíabryggju. Vinna veitir vistmönnum öryggis- og ábyrgðartilfinningu, sjálfsöryggi og áhuga á því að takast á við hlutina. Það nýtist svo eftir afplánun.

Afstaða leggur til að nýtt verði fjárhús og land á Sogni til að hefja búskap með kindur og hrúta eins og er á Kvíabryggju. Ef viljinn er fyrir hendi er hægt að gera mjög margt fleira.

**Eftirlit**

Fangaverðir á Kvíabryggju halda úti mjög virku eftirliti en það felst ekki í því að leita reglulega í herbergjum vistmanna, í sendingum til þeirra eða hjá heimsóknargestum. Það hefur sýnt sig að ekki er þörf á slíkum aðgerðum á Kvíabryggju og þekkist varla neysla vímuefna eða áfengis á staðnum.

Reglulega er leitað í herbergjum vistmanna á Sogni, bæði með og án hunda. Leitað er í farangri fanga sem koma í fangelsið, þrátt fyrir að viðkomandi sé að koma úr öryggisfangelsi eða frá Kvíabryggju. Gestir þurfa einnig að sæta skoðun og sendingar til vistmanna eru grandskoðaðar. Engu að síður eru vímuefnamál mun fleiri á Sogni en á Kvíabryggju.

Afstaða leggur til að með auknu framboði af vinnu, meira trausti á milli vistmanna og fangavarða og hópastarfi væri hægt að minnka áhuga vistmanna á vímuefnanotkun í fangelsinu.

**Að lokum**

Umhverfið á Sogni er dásamlegt, herbergin og vistarverur til fyrirmyndar og starfsfólkið stendur sig vel í því sem það gerir. En það fer ekki á milli mála að gjáin á milli fanga og fangavarða er breið, eftirlitið of mikið, regluverkið íþyngjandi og pappírsvinna í tengslum við einföldustu beiðnir óþarflega flókin. Vinnubrögðin eru of lík því sem tíðkast á Litla-Hrauni og sjaldnast litið til þess sem gengið hefur vel á Kvíabryggju, sem er þó nokkuð öfugsnúið því Kvíabryggja hefur verið rekið sem opið fangelsi í tugi ára.

Fangaverðir þurfa ekki að vera ávallt í varðstöðu. Þeir eiga að geta rætt við vistmenn á jafningjagrundvelli, stundað með þeim íþróttir eða fengið sér sæti í hópi vistmanna og horft á enska boltann, skipulagt bingó, vídeókvöld og fleira. Minnka þarf pappírsvinnu og einalda kerfið, sýna vistmönnum traust í stað þess að láta þeim líða eins og þeir séu í lokuðu fangelsi. Á Íslandi erum við í grunninn með þrepakerfið sem Norðurlöndin byggja á, þótt við séum ekki með hina svokölluðu betrunarstefnu sem vantar til að árangur af þrepunum náist. En það er eiginlega lágmark að munur sé á þrepunum.




www.siemens-home.bsh-group.com/se/

Ertu á leið heim til að athuga hvað er til í kæliskápnum? Slepptu því vegna þess að nú geturðu gægst inn í kæliskápinn í snjallsímanum þínum. Home Connect-appið gerir þér nefnilega kleift að tengjast þráðlaust nýjum sérhönnuðum heimilistækjum frá Siemens á auðveldan og þægilegan hátt hvort sem þú ert í vinnunni, á ferðalagi eða situr í sófanum heima.

Heimilistækin þín í einu appi.

Home connect

Með Home Connect-appinu eru Siemens heimilistækin aldrei lengra frá þér en snjallsíminn eða spjaldtölvan. Kveiktu á ofninum þegar þú ert á leiðinni heim, athugaðu hvort þvottavélin er búin að þvo eða fáðu dásamlegar uppskriftir að kvöldmatnum inni á recipeWorld.

Home Connect-appið er fyrir þig og aðra þá sem þrá lausnir sem einfalda lífið.
Kannaðu fleiri kosti á heimasíðu Siemens, www.siemens-home.bsh-group.com/se/.

Siemens heimilistækin fást hjá Smith & Norland.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




Kóngurinn í Krikanum til áraraða mun nú reyna að leggja Færeyjar að fótum sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fínt að prófa eitthvað nýtt

**Hinn sigursæli þjálfari, Heimir Guðjónsson, flytur til Færeyja í byrjun næsta árs þar sem hann hefur tekið við liði HB. Þjálfarinn er spenntur fyrir nýju starfi sem hann segist taka að sér af heilum hug.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var ekki erfið ákvörðun. Ég fór út um síðustu helgi og fékk kynningu á þeirra hugmyndum. Eftir það var þetta bara spurning um ákveðin fjölskyldumál sem þurfti að græja og það var gert. Ég er mjög spenntur fyrir þessu og fínt að prófa eitthvað nýtt,“ segir knattspyrnuþjálfarinn Heimir Guðjónsson sem hefur verið ráðinn nýr þjálfari færeyska félagsins, HB.

Heimir varð frekar óvænt atvinnulaus á dögunum er FH ákvað að reka hann eftir langt og farsælt starf fyrir félagið. Uppsögnin kom það seint að fátt var um störf í boði fyrir Heimi hér heima. Hann ákvað því að stökkva á þetta tækifæri.

### Var ekkert að pæla í Færeyjum

„Ég verð alfarinn utan til Færeyja í byrjun janúar. Tímabilið byrjar um miðjan apríl og þeir klára í lok október. Þeir byrja aðeins fyrr en hér heima og enda aðeins síðar. Ég hafði ekkert verið að pæla í Færeyjum fyrr en ég fékk símtal frá þeim. Þetta er stórveldi í Færeyjum sem hefur unnið flesta titla en lenti aðeins í fimmta sæti núna. Þeir vilja gera betur og voru áhugasamir að fá mig. Mér fannst þetta líta allt saman mjög vel út og það verður gaman að takast á við þetta verkefni,“ segir Heimir sem gerir tveggja ára samning við félagið en þó með uppsagnarákvæði af beggja hálfu eftir fyrra árið.

### Nýtur þess að þjálfa

Þó svo það hafi ekki verið stór störf í boði hér heima er hann fór frá FH má fastlega gera ráð fyrir því að félögin hér heima færu að líta hýru auga til hans er tímabilið byrjar næsta sumar og einhver lið fara illa af stað. Íhugaði hann ekkert að fá sér eitthvað annað að gera og bíða eftir að næsta tækifæri kæmi hér heima?

„Auðvitað velti maður öllu fyrir sér. Það kom vissulega til greina að bíða en mér fannst þetta starf það áhugavert að ég vildi taka því. Mér finnst líka mjög gaman að vera úti á velli og þjálfa. Ég mun ekkert koma til greina í nein störf hér heima snemma næsta sumar. Ég er búinn að skuldbinda mig við HB og það væri vanvirðing við félagið ef ég ætlaði að fara frá þeim á miðju sumri. Við ræddum að það myndi aldrei verða svoleiðis. Ég er að taka þetta verkefni að mér af heilum hug.“

### Skil ekkert í færeyskunni

Viðskilnaðurinn við FH hlýtur eðlilega að hafa verið nokkuð sár fyrir Heimi eftir að hafa varið hátt í 20 árum hjá félaginu. Hann segist þó ekki vera sár yfir viðskilnaðinum í dag.

„Það hefur ekkert upp á sig að lifa í fortíðinni. Nú er það bara framtíðin. Ef maður hengir sig of lengi í einhverju þá er það ávísun á að maður lendi í einhverju veseni,“ segir Heimir en skilur hann eitthvað í færeyskunni?

„Ég skil mjög lítið þannig að ég mun beita fyrir mig enskri tungu til að byrja með. Þeir skilja mig að einhverju leyti en ég skil ekkert hvað þeir segja. Ég stefni á að læra málið. Hver veit nema ég komi heim með færeyskan hreim síðar,“ segir þjálfarinn léttur. henry@frettabladid.is

> Ég mun ekkert koma til greina í nein störf hér heima snemma næsta sumar. Ég er skuldbundinn HB og það væri vanvirðing að fara frá þeim á miðju sumri.
>
> Heimir Guðjónsson

**Olís-deild karla í handbolti**

**Stjarnan -Valur 25-27**
**Markahæstir**: **Stjarnan:** Leó Snær Pétursson 7/3, Egill Magnússon 5, Aron Dagur Pálsson 4, Andri Grétarsson 4 - **Valur:** Anton Rúnarsson 10/1, Magnús Óli Magnússon 5/3, Vignir Stefánss. 4, Ýmir Örn Gíslason 3

**FH - ÍR 32-24**
**Markahæstir**: **FH:** Gísli Þorgeir Kristjánsson 8, Ásbjörn Friðriksson 7/2, Óðinn Þór Ríkharðsson 6, Einar Rafn Eiðsson 5, Ágúst Birgisson 5 - **ÍR:** Kristján Orri Jóhannsson 6, Halldór Logi Árnason 5, Bergvin Þór Gíslason 4.

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 16 | Fram | 8 |
| Valur | 13 | ÍR | 6 |
| Haukar | 12 | Afturelding | 5 |
| ÍBV | 12 | Fjölnir | 3 |
| Selfoss | 10 | Víkingur | 2 |
| Stjarnan | 9 | Grótta | 0 |

**Malt-bikar karla í körfubolta**

**Þór Ak. -Höttur 74-81**
**Stigahæstir**: Marques Oliver 19/19 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 16/8 stoðsendingar, Pálmi Geir Jónsson 16/10 fráköst - Kevin Lewis 24/7 fráköst/7 stoðsendingar/5 stolnir, Mirko Stefan Virijevic 16/13 fráköst, Ragnar Gerald Albertsson 10.

**Keflavík - Fjölnir 85-76**
**Stigahæstir**: Magnús Már Traustason 21, Cameron Forte 16/16 fráköst, Ragnar Örn Bragason 10, Guðmundur Jónsson 9, Davíð Páll Hermannsson 8 - Samuel Prescott Jr. 38/13 fráköst, Sigvaldi Eggertsson 21.

**Njarðvík - Grindavík 79-75**
**Stigahæstir**: Terrell Vinson 25, Maciek Baginski 17, Logi Gunnarsson 16, Ragnar Nathanaelsson 11/10 fráköst - Ólafur Ólafsson 21/10 fráköst, Dagur Kár Jónsson 17//9 stoðsendingar/5 stolnir, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 16, Rashad Whack 11

**Valur - Tindastóll 70-104**
**Stigahæstir**: Urald King 17/14 fráköst, Gunnar Ingi Harðarson 16, Oddur Birnir Pétursson 11 - Sigtryggur Arnar Björnsson 35, Antonio Hester 31.

**Liðin í pottinum í dag:**
**Maltbikar karla**: Haukar, Breiðablik, KR, ÍR, Keflavík, Njarðvík, Tindastóll og Höttur.
**Maltbikar kvenna**: Skallagrímur, Njarðvík, Breiðablik, Keflavík, Snæfell, Valur, ÍR og KR.

## Í dag

**Olís-deild kvenna**
**19.30** **Stjarnan - Selfoss**
**19.30** **Grótta - Fram**



# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 7. NÓVEMBER 2017

# Laus við bjúg og verki



Halla eignaðist sitt fyrsta barn, Magnús Orra, í byrjun ágúst. Hún byrjaði að æfa þegar hann var sex vikna en finnst eðlilegt að gefa sér góðan tíma í að komast í fyrra form. MYND/EYÞÓR

**Halla Björg Ragnarsdóttir kennir námskeiðið Freyjuafl í Mjölni en það er annars vegar fyrir konur á meðgöngu og hins vegar fyrir nýbakaðar mæður. Sjálf æfði Halla, sem er nýbökuð móðir, fram á síðasta dag og slapp við bæði bjúg og verki.**

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Heilsunuddarinn, þroskaþjálfinn og ketilbjölluþjálfarinn Halla Björg Ragnarsdóttir hefur lagt stund á íþróttir og hreyfingu frá unga aldri. Hún var í fótbolta og körfubolta sem barn og æfði fram á menntaskólaaldur. Síðan hefur hún stundað allskyns líkamsrækt eins og víkingaþrek, kraftlyftingar og almennar lyftingar.

Halla eignaðist sitt fyrsta barn í byrjun ágúst og æfði fram á síðasta dag. Hún segir það hafa gert sér afar gott. „Ég fór á síðustu æfinguna daginn sem ég var komin 40 vikur en tók því svo rólega fram að fæðingu.“ Halla segir hreyfinguna á meðgöngunni hafa haft ýmiss konar ávinning í för með sér. „Mér fannst gott að mæta í félagsskapinn, svitna og gleyma mér. Eins átti ég auðvelt með

**Framhald á síðu 2**

ENZYMEDICA®
Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum



Öðruvísi Jólahlaðborð fyrir hópa
Forréttir
Rjómalöguð sjávarréttasúpa
Karrísíld
Rússnesk rauðrófusíld
Grafinn lax og karfi
Tvíreykt sauðahangikjöt
Aðalréttir
Jólalambakótilettur í raspi
Grillsteikt lambalæri bernaise
Dönsk purusteik
Allt góða og hefðbundna meðlætið
Eftirréttir
Hjónabandssæla
Ís og ávextir
Aðeins 3.900 kr. á mann!
Ath! Eingöngu afgreitt fyrir hópa
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

**Framhald af forsíðu** →

svefn, fékk lítinn sem engan bjúg og upplifði engar meltingartruflanir, eins og algengt er á meðgöngu.“

Halla byrjaði svo aftur að æfa sex vikum eftir fæðingu en fram að því var hún dugleg að fara í göngutúra. Aðspurð segist hún þó ekki komin í fyrra form, enda ekki langt um liðið. „Ég viðhélt styrk á meðgöngunni en þolið fékk að víkja fyrir stækkandi bumbu og ég er enn að vinna í því. Mér finnst hins vegar mikilvægt að minna sig á að það tók tíma að búa barnið til í bumbunni og því ekki óeðlilegt að það taki tíma að koma sér í fyrra form.“

En er óhætt fyrir konur að stunda kröftuga hreyfingu á meðgöngu? „Við erum eins misjafnar og við erum margar og hver og ein verður að finna hreyfingu við sitt hæfi. Þumalputtareglan er sú að hafi kona stundað kröftuga hreyfingu fyrir meðgöngu er ekkert því til fyrirstöðu að halda því áfram. Hafi hreyfing hins vegar verið af skornum skammti er betra að fara hægt af stað og viðhalda því út meðgönguna.“ Í einhverjum tilfellum segir Halla ekki æskilegt að stunda mikla hreyfingu og á það meðal annars við þegar um undirliggjandi sjúkdóma eða aðra áhættuþætti er að ræða. „Í slíkum tilfellum ætti hreyfing að vera skipulögð í samráði við ljósmóður.“

En hvernig hreyfingu er mælt með ef allt er með felldu? „Hvers kyns hreyfing er af hinu góða og ættu flestar konur að geta haldið áfram þeirri hreyfingu sem þær eru


Halla í æfingaprógrammi með barnið. MYND/EYÞÓR

vanar að stunda eitthvað inn í meðgönguna.“ Aðspurð segir Halla ekki heldur þörf á að forðast hreyfingu í upphafi eða lok meðgöngu ef allt er með felldu. „Ef kona er komin með mikla samdrætti eða fyrirvaraverki þarf hún hins vegar að slaka á og skipta frekar yfir í mjúkt meðgöngujóga svo dæmi séu nefnd. Halla tekur þó fram að vissulega sé hreyfingu á meðgöngu einhver takmörk sett og mælir til dæmis ekki með hreyfingu sem krefst mikilla átaka, snertinga og hraða.“

Að sögn Höllu er oft miðað við að konur geti byrjað að æfa um sex


Hera Jóhannesdóttir læknir hefur æft í Mjölni frá 2012. Í Freyjuafli stundar hún sams konar æfingar og áður þó að tillit sé tekið til óléttunnar.

vikum eftir fæðingu en að hver og ein þurfi að ákveða það fyrir sig. „Það verða miklar breytingar á líkamanum á meðgöngu og í fæðingunni og mikilvægt að gefa honum tíma til að jafna sig. Það er því engin þörf á því að keyra sig í gang sem allra fyrst. Þá þarf að ganga úr skugga um það hvort kviðurinn sé genginn saman og er það gert með sérstakri æfingu. Ef svo er ekki þarf að fara varlega og bíða með kviðæfingar.“

Halla segir margar konur sem vilja æfa á meðgöngu og eftir fæðingu þiggja leiðsögn. Freyjuaflið í Mjölni er annars vegar fyrir verðandi og hins vegar nýbakaðar mæður. Meðgönguhópurinn er hugsaður fyrir konur sem vilja viðhalda styrk eða styrkja sig á meðgöngunni, ásamt því að byggja upp andlegt og líkamlegt jafnvægi fyrir fæðingu. Á námskeiðinu fyrir nýbakaðar mæður er áhersla lögð á að styrkja kvið, bak og grindarbotn ásamt því að bæta styrk og þol.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

UMI HOTEL

Jólin á UMI HOTEL

**UMI** HÓTEL er nýtt og stórglæsilegt hótel við rætur Eyjafjallajökuls. Frá hótelinu er tilvalið að skoða margar af náttúruperlum suðurlands og eiga svo góða kvöldstund á **UMI** HÓTEL.

*JÓLAMATSEÐILL*

Frá 10. nóvember bjóðum við upp á ljúffengan fimm rétta jólamatseðil.

**9.800** kr. á mann

*JÓLADVÖL Á UMI*

Fimm rétta jólamatseðill fyrir tvo með gistingu í tveggja manna herbergi og morgunverðahlaðborði.

**39.600** kr.



*Pantanir sendist á info@umihotel.is eða í síma 518 4001*

**UMI** HOTEL | 861 Hvolsvelli | +354 518 4001 | info@umihotel.is | *umihotel.is* | Tripadvisor

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 7. NÓVEMBER 2017



# VW T-Roc að lenda á Íslandi

Þeir streyma hreinlega af færiböndunum litlu og sætu jepplingarnir og vart má finna bílaframleiðanda sem ekki er búinn að tefla fram sínum bíl í þessum flokki og er Volkswagen einn þeirra →10





Peugeot 3008 var einnig kjörinn bíll ársins í Evrópu.

## Bíll ársins er Peugeot 3008

Tilkynnt var um val á bíl ársins hjá Bandalagi íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) síðastliðinn fimmtudag. Það var Peugeot 3008 sem hlaut nafnbótina Bíll ársins að þessu sinni. Alls voru það 30 bílar sem valið stóð á milli þetta árið, en gjaldgengar eru glænýjar bílgerðir og nýjar kynslóðir þekktari gerða. Tólf þeirra voru valdar í úrslit í fjórum flokkum, það er minni fólksbílar, millistærðarfólksbílar, stærri fólksbílar og jeppar og jepplingar. Peugeot 3008 fellur í flokk stærri fólksbíla, en annar í þeim flokki var Volvo V90 Cross Country og þriðji BMW 5.

Í flokki smærri fólksbíla stóð Suzuki efstur á blaði, annar var Nissan Micra og þriðji Kia Rio. Í flokki millistærðarfólksbíla varð efstur Hyundai Ionic, annar Honda Civic og þriðji Hyundai i30. Í flokki jeppa og jepplinga bar sigur úr býtum Volvo XC60, annar varð Skoda Kodiaq og þriðji Renault Koleos. Allra hæstu einkunn allra þessara bíla hlaut Peugeot 3008. Næstflestu stigin fékk svo Hyundai Ionic og þau þriðju flestu Volvo XC60. Verðlaun fyrir bíl ársins, sem og fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum flokki voru veitt með viðhöfn í sal Blaðamannafélagsins í Síðumúla á fimmtudagskvöldið og voru margir viðstaddir þá athöfn.

## Mitsubishi ætlar að auka framleiðsluna um 40%

Mitsubishi hefur nýverið kynnt áform sín um 40% aukna framleiðslu á næstu þremur árum og ætlar fyrirtækið að fara úr framleiðslu 926.000 bíla í fyrra í 1,3 milljón bíla árið 2020. Renault-Nissan á nú 34% ráðandi hlut í Mitsubishi og þar á bæ eru greinilega mikil áform um stórsókn Mitsubishi merkisins. Í því augnamiði verður sett mikið fjármagn í þróun bíla fyrir Mitsubishi. Meiningin er að auka fjárveitingar til þróunar um 50% og verja til þess 125 milljörðum króna. Mitsubishi ætlar að sækja af mun meiri þrótti á bílamarkaði í Kína, Bandaríkjunum og Suðaustur-Asíu.

### 11 nýir bílar til 2020

Mitsubishi ætlar að kynna til sögunnar ellefu nýja bíla á næstu þremur árum. Þar á meðal verður Mitsubishi Eclipse Cross jepplingur sem ætlaður er einnig á Evrópumarkað. Áhersla verður á framleiðslu fjórhjóladrifinna bíla og ekki síður verður áherslan á bíla með tengiltvinndrifrás. Í nýrri sóknaráætlun Mitsubishi er markmiðið að ná 10% markaðshlutdeild í Suðaustur-Asíu, en þar er Mitsubishi sterkt fyrir. Enn fremur er stefnt að 30% vexti í Bandaríkjunum og að selja þar 130.000 bíla á ári. Í Kína eru áformin enn þá metnaðarfyllri og er þar stefnt á tvöföldun í sölu og að selja þar árlega 220.000 bíla. Árið 2020 er stefnan að Mitsubishi selji einnig 220.000 bíla í Evrópu. Mitsubishi stefnir á að ná hagnaði af sölu upp í 6%, eða 0,3% meira en á síðasta ári. Á það m.a. að nást með sameiginlegri notkun íhluta með Renault og Nissan bílum og stærðarhagkvæmni þessa stærsta bílarisa heims.



Skoda Octavia G-Tec.

# Metanbílar frá Heklu í 20 ár

**Vistvænir bílar frá Heklu eru nú orðnir fleiri en 1.000 á árinu og Hekla selur meira en helming slíkra bíla á Íslandi.**

Tuttugu ár eru frá því að Hekla hóf innflutning á metanbílum en það var árið 1997 sem innflutningur hófst á metanknúnum Volkswagen Caddy og Volkswagen Touran. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og Hekla býður í dag upp á fjölbreytt úrval bíla sem ganga bæði fyrir metani og bensíni. Má þar nefna Skoda Octavia, Volkswagen Caddy, Volkswagen Golf, Volkswagen up!, Volkswagen Polo, Audi A3 og Audi A5. 1.246 metanbílar hafa selst síðustu fimm ár og frá ársbyrjun 2016 er búið að nýskrá 648 metanbíla, eða 24% af öllum nýskráðum vistvænum bílum.

### Ánægðir metanbílaeigendur

„Við höfum góða reynslu af sölu metanbíla sem og annarra vistvænna bíla. Þeir bílaeigendur sem prófa metanbílana eru almennt mjög ánægðir og það bætast sífellt fleiri í þann hóp ánægðra viðskiptavina. Hekla er leiðandi í vistvænum farkosti og við munum halda áfram að bjóða upp á fjölmarga og fjölbreytta kosti á sviði vistvænna bíla. Við hlökkum til að bjóða upp á nýja kosti á komandi misserum,“ segir María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá Heklu. Annars voru þrír af tíu vinsælustu fólksbílunum sem seldir voru á landinu í september frá Heklu en bílar frá Mitsubishi, Skoda og Volkswagen raða sér þar á lista. Þessar bíltegundir hafa ekki aðeins slegið í gegn hjá bíleigendum, heldur eiga sér trygga kaupendur sem kaupa þessar tegundir aftur og aftur þegar kemur að endurnýjun. Mitsubishi Outlander PHEV er þar í fararbroddi en gríðarlega góð sala hefur verið á þessum vinsæla tengiltvinnbíl á 100 ára afmælisári Mitsubishi. Þá komast hinir sívinsælu Skoda Octavia og Volkswagen Golf einnig á topp tíu listann.

### Hekla stærst í vistvænum bílum

Sem fyrr ber Hekla höfuð og herðar yfir önnur bílaumboð þegar vistvænir bílar eru annars vegar. Vistvænir bílar frá Heklu eru nú orðnir 953 það sem af er ári og er það 15% fjölgun miðað við allt árið í fyrra. Það er því ljóst að þegar árið verður gert upp hafi Íslendingar sýnt það í verki að þeim sé umhugað um náttúruna þegar þeir horfa til vistvænna kosta í bílakaupum.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Auglýsingar: Atli Bergmann atlib@365.is, Sími 512 5457
Umsjón blaðsins **Finnur Thorlacius** finnurth@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000





# NÚ ERU FYRSTU 2018 RAM PALLBÍLARNIR Á LEIÐINNI. TRYGGÐU ÞÉR ÞITT EINTAK!

2018




RAM

RAM 3500 VERÐ FRÁ:
KR. 6.120.968 ÁN VSK
KR. 7.590.000 MEÐ VSK

# NÝR COMPASS




UMFRAM Í OPENING EDITION +

- 2.0 dísel 170 hestöfl
- 9 gíra sjálfskipting
- Selec-Terrain™ fjórhjóladrif
- Leðurinnrétting
- Beats hljómtæki m/bassaboxi
- 8,4" skjár og íslenskt leiðsögukerfi
- Rafmagnsstilling á framsætum
- Akgreinavari
- Hiti í framsætum og stýri
- Hraðastillir
- 18" álfelgur

VERÐ FRÁ 6.610.000 KR.

COMPASS LIMITED

2.0 dísel 140 hö., 9 gíra sjálfskiptur, Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, dráttarvagnaveltivörn, leður/tau áklæði, regnskynjari, LED ljós framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur.

VERÐ FRÁ 5.890.000 KR.

Jeep

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Dodge, Fiat, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

TILBOÐ




MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

285/70R17 - 4 stk.
kr. 179.000
með kr. 40.200 afslætti

315/70R17 - 4 stk.
kr. 189.000
með kr. 42.200 afslætti

Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is



Jafn langt er á milli öxla hans og á X1 bílnum og hann er um 8 sentimetrum lægri til þaksins og því sportlegri á að líta.

# BMW stækkar flóruna í jepplingaflokki með X2

Nýr jepplingur er fæddur inn í þéttskipaða jepplinga- og jeppaflóru bæverska lúxusbílaframleiðandans. Hann ber stafina X2 og liggur á milli X1 og X3 jepplinganna, að sögn BMW. Hann er engu að síður einum átta sentimetrum styttri en X1 þó hann virðist það ekki við fyrstu sýn. Jafn langt er á milli öxla hans og á X1 bílnum og hann er um átta sentimetrum lægri til þaksins og því sportlegri á að líta. Það er líkt og þarna sé kominn annar X1 með kort í líkamsræktina. BMW X2 er með LED-ljós bæði að framan og aftan og hann er með stóran vindkljúf að aftan og fremur stórar hlífðarplötur í öðrum lit en aðallitur bílsins og það eykur á kraftalegt útlit hans. Í fyrstu er X2 kynntur með 228 hestafla 2,0 lítra og fjögurra strokka bensínvél sem tengd er við 8 gíra sjálfskiptingu. Það dugar þessum bíl að komast í hundraðið á 6,3 sekúndum, svo hér er um ári sprækan jeppling að ræða. Hann er með þrjár akstursstillingar, Comfort, Eco Pro og Sport og Dynamic Damper Control stillingum á fjöðruninni. BMW hefur ekki enn birt verð bílsins, en hann á að fara í sölu næsta vor.

Fjármögnun fyrir alls konar bíla og tæki

Landsbankinn hjálpar fólki og fyrirtækjum að koma hlutum á hreyfingu. Við bjóðum hagstæða fjármögnun á nýjum og notuðum bílum, tækjum og ferðavögnum fyrir flestar þarfir.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




www.honda.is

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

KOSTIR OG GALLAR
**KIA STINGER**

- 3,3 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 370 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 10,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 244 g/km CO2
**Hröðun:** 4,9 sek.
**Hámarkshraði:** 270 km/klst.
**Verð frá:** 7.990.777 kr.
**Umboð:** Askja

Kostir:
- Stærð innanrýmis
- Akstureiginleikar
- Útlit

Gallar:
- Ekki í boði beinskiptur

# Passið ykkur Þjóðverjar!

## Nýjasta útspil Kia er öflugur sportbíll sem færir merkið upp í nýjar hæðir og storkar lúxusbílaframleiðendum með afar akstursHæfum bíl sem er þó nógu stór til að taka alla fjölskylduna í skemmtiferðir

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Loksins, loksins, sportbíll frá Kia og það engin smá kerra og með allt að 370 hestafla rokki. Á tímum endalaust fleiri jepplinga blása ferskir vindar um tilkomu fyrsta sportbíls Kia og segja má að það hafi verið alveg rakið fyrir suðurkóreska framleiðandann að bæta sportbíl við bílaflóruna. Það sárvantaði svona flaggskip hjá Kia sem hingað til hefur verið þekkt fyrir smíði hófsamra bíla, en afar vel smíðaðra. Það má hæglega fullyrða að Stinger sé fæddur í heiminn til að storka þýsku lúxusbílaframleiðendunum sem munu ekki geta keppt við þennan bíl í verði, en svona öflugir sportbílar þeirra eru allir með mun hærri verðmiða hangandi á hurðahúninum. Kia þarf svona „top of the line"- bíl og hæglega má segja að það auki hreinlega á virði og upplifun minni bíla Kia. Það þarf jú að gæta að ímyndinni og það er einmitt með svona bíl eins og Stinger sem ímyndin vex og stimpillinn sem framleiðandi bíla án mikils skemmtanagildis hverfur. Hér er nefnilega kominn bíll með skemmtanagildi, en þetta er samt í leiðinni frekar stór bíll sem tekur alla fjölskylduna, en líklega bara í skemmtilega bíltúra.

### Magnaður brautarakstur

Það voru að minnsta kosti bara skemmtilegir bíltúrar sem boðið var upp á á Mallorca fyrir stuttu þar sem bílablaðamönnum gafst tækifæri til að kynnast Kia Stinger. Ekki skemmdi mikið fyrir að á meðal þeirra var akstur á keppnisbraut þar sem allra kosta bílsins mátti njóta og það án þess að brjóta umferðarlög. Þar var Stinger þaninn til hins ítrasta og við slíkar aðstæður kemur í ljós hvers bílar eru megnugir og hæfir í akstri. Ekki sveik Stingerinn við þær aðstæður og ekki leiðinlegt að leyfa öllum 370 hestöflunum að grípa sem fastast í malbikið. Farnir voru nokkrir hringir með undanfara og hraðinn sífellt aukinn eftir hæfni þeirra sem honum fylgdu. Vandlega var passað upp á að bíllinn væri stilltur í Sport+ akstursstillingu svo hegðun bílsins væri í takti við aðstæðurnar. Þessi brautarakstur varð ekki til þess að minnka hrifninguna á þessum ógnarskemmtilega bíl. Kom skemmtilega á óvart hve hægt var að henda bílnum til í hröðum akstri þó svo skrikvörnin væri enn þá á. Ekki var í boði að aftengja hana og mátti skilja þá afstöðu betur er í ljós kom að sama dag og við Íslendingarnir vorum í brautinni voru tveir glænýir Stinger bílar eyðilagðir í árekstri þar.

### Virkjar forvitnina

En það er ekki nóg með að Kia Stinger sé öflugur og skemmtilegur akstursbíll sem getur tekið marga farþega í gleðiaksturinn, heldur er þarna kominn hörkuflottur bíll sem dregur augun að sér ef marka má forvitnina sem vegfarendur sýndu er hann rann um göturnar á Mallorca. Víst er að hann er enginn eftirbátur bíla í sama stærðar- og kraftaflokki hvað fegurð varðar, þ.e. bíla eins og BMW 5, Audi A6, Mercedes Benz E-Class og Lexus GS og að margra áliti slær þeim hreinlega við. Coupé lag bílsins, sterkar línur og lengd bæði húdds og bílsins alls ljær honum mikinn eðalsvip og hann á sannarlega eftir að vekja athygli hér á landi er hann fer að streyma á göturnar hér innan tíðar. Innrétting bílsins er einnig til fyrirmyndar og vandað til smíðinnar í hvívetna, eins og Kia er reyndar von og vísa. Bíllinn er með hörkflott leðursæti og umfram allt þægileg og með góðan stuðning. Sérstök ástæða er til að nefna stillingu fyrir hliðarstuðning á framsætum sem þrengir að ökumanni ef hann kýs að vera pikkfastur í sætinu við frísklegan akstur. Efnisnotkun í innréttingunni er ríkuleg en engir stælar með yfirhönnun eða takkaflóði.



Kia Stinger er fögur hönnun enda ekki von á öðru úr smiðju Peters Schreyer, yfirhönnuðar Kia.



Í reynsluakstrinum á Mallorca blöstu bæði við fögur hús og fagrir bílar.



Jafn fögur sýn blasir við þegar inn er komið.

### Ódýr draumur

Kia Stinger verður í boði hér á landi með tveimur vélarkostum. Með 2,2 lítra dísilvél, 200 hestafla og sömu vél og finna má í núverandi Kia Sorrento. Drífur þessi vél Stinger í hundraðið á 7,6 sekúndum. Með þessa vél verður Stinger vafalaust mjög eyðslugrannur, en samt enginn letingi. Hinn vélarkosturinn er þó með öllu meira skemmtanagildi, þ.e. 3,3 lítra bensínvél, 370 hestafla. Með henni rýkur Stinger í 100 á litlum 4,9 sekúndum. Með þessari vél er Stinger kominn í kraftaflokk með bílum eins og Audi S6, BMW M5 og Mercedes Benz E 43 AMG, en kosturinn sá að Stingerinn verður þeirra ódýrastur og mun kosta kringum 10 milljónir. Kia býður reyndar Stinger með einum vélarkostinum enn, þ.e. með 250 hestafla bensínvél og áhugasamir geta vafalaust sérpantað hann hjá Öskju. Það verður að segjast að það var hreinn unaður að njóta Stinger með 370 hestafla vélinni bæði á götunum á Mallorca og í akstursbrautinni. Þarna fer firna skemmtilegur akstursbíll sem er þéttur og stífur eins og sportbílar eiga að vera, án þess að vera á nokkurn hátt óþægilegur. Með þessum bíl stígur Kia upp mörg þrep á töffaraskalanum og gefur sportbílaáhugamönnum mun ódýrari kost til að uppfylla drauma sína. Vel gert Kia, þetta er besta smíði ykkar hingað til!




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# MAN sendibílar fáanlegir hérlendis á næsta ári

**Nokkrir af nýjum sendibílum MAN voru reyndir í nágrenni Barcelona um daginn og þar reyndust þeir svo fáránlega liprir að vorkunnsemi í garð sendibílstjóra er alveg horfin.**

MAN atvinnubílar hafa lengi verið til sölu á Íslandi og fyrirtækið Kraftur selur þá hér á landi. Nú ber til tíðinda hjá MAN og Krafti því frá og með næsta ári verða í boði MAN sendibílar hjá Krafti. Fram að þessu hafa minnstu bílar MAN sem í boði eru verið 7,5 tonn, en nú verða á boðstólum allt niður í einungis þriggja tonna bíla. Sendibílar MAN bera stafina TGE og eru þeir framleiddir algjörlega af MAN en hannaðir í samstarfi við móðurfyrirtæki MAN, Volkswagen. Þessir nýju sendibílar MAN voru kynntir í Barcelona á dögunum og fengu bílablaðamenn víða að að reyna þessa kostagripi og var greinarhöfundur þeirra á meðal.

## Gríðarlegt úrval

TGE-sendibílarnir frá MAN eru búnir 2,0 lítra dísilvél sem fáanleg verður í fjórum útfærslum, 102, 122, 140 og 177 hestafla. Margir valkostir í útfærslu sendibílanna munu fást. Fjöldi möguleika verður á yfirbyggingum, lokaður sendibíll og grindarbílar með einföldu húsi eða flokkahúsi. Flokkahúsið verður fáanlegt í fjölda útfærslna. Bílarnir verða fáanlegir með fjórhjóladrifi, framhjóladrifi og afturhjóladrifi og annað hvort með 8 gíra sjálfskiptingu eða 6 gíra beinskiptingu. TGE sendibílarnir eru af þremur mismunandi lengdum, með tvenns konar hjólhaf og þrjár mismunandi þakhæðir. Lokaði sendibíllinn verður til í 6 metra, 6,8 metra og 7,4 metra lengdum og hæðin 2,3m, 2,6 og 2,8 metrar. Hámarks rúmmál er 18,3 rúmmetrar. Að auki verða í boði sendibílar til fólksflutninga og má kalla slíka bíla mini-rútur sem henta mjög vel fyrir íslenska ferðaþjónustu.



Kaupendur MAN sendibíla geta valið úr gríðarlegu úrvali í útfærslum.

## Fáránlega liprir

Það er ekki á hverjum degi sem undirritaður reynsluekur sendibílum, en mikið fáránlega er það gaman ef þeir eru góðir. Það vekur hreinlega furðu hvað sendibílar geta verið akstursnæfir. Því er ég löngu hættur að vorkenna sendibílaökumönnum, ef þeim eru færðar í hendur bílar af þessum gæðum. Reyndar voru einar fjórar gerðir TGE-sendibílsins, bæði 3 og 5 tonna bílar, lokaðir bílar sem og grindarbílar, beinskiptir sem sjálfskiptir. Alveg sama var hvers konar gerð þeirra var undir ökumanni, lipurðin skein af þeim. Sem dæmi þá var ekið alveg upp að Benedictinklaustrinu í Montserrat sem er mörg hundruð metra kræklótt klifur upp bratta fjallshlíð. Það reyndist hinn skemmtilegasti akstur og eins og ekið væri á liprum fólksbíl. Tog vélarinnar í bílnum, sem var reyndar af öflugustu 177 hestafla útfærslu, gerði það að verkum að rösklega mátti fara og á ótrúlega skömmum tíma blasti fegurð klaustursins við. Sama lipurðin gladdi svo ökumann þegar farnir voru sveitavegir í nágrenni Barcelona og ekki reyndist vandi að snúast með bílana um þrengri götur þorpa og bæja, sem og í Barcelona.

## Afar vel fer um ökumann

Innanrými bílanna eru hugsuð með ökumann og farþega í huga og hrikalega vel fer um alla og innréttingin þeirra beinlínis falleg. Bílarnir er ótrúlega vel búnir, meðal annars öryggiskerfum og til að mynda er sjálfbremsandi búnaður í bílunum og það sem staðalbúnaður. Fjarlægðarskynjarar, bakkstuðningskerfi og hjálparkerfi fyrir aftanívagna eru svo valkvæður búnaður. Rafvélvænn stýribúnaður vinnur á móti gangstýrikröftum, svo sem sterkum hliðarvindi. Skriðstillir eykur svo enn á þægindin í akstri og þreytuskynjun og fjölöryggishemlun eykur svo enn á öryggið. Sem sagt, ferlega vel útbúnir vinnubílar, eða eins og þeir MAN menn segja; „That´s no Van – That´s a MAN.“ MAN hefur sem sagt ruðst með stæl inn á fjölbreyttan sendibílamarkaðinn og það er einmitt líkt MAN að gera það með svo miklum stæl að hæglega má hafa eftir forsvarsmönnum fyrirtækisins að þar séu komnir hæfustu sendibílar sem í boði eru. Það er afrakstur endalausra prófana en TGE-sendibílunum var ekið samtals 1.000.000 kílómetra við prófanir.






## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**VOLKSWAGEN T-ROC**

- 2,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 190 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 6,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 155 g/km CO2
**Hröðun:** 7,2 sek.
**Hámarkshraði:** 216 km/klst.
**Verð frá:** 3.290.000kr.
**Umboð:** Hekla

- Útlit
- Akstureiginleikar
- Margir vélarkostir
- Verð

- Verð í dýrustu útfærslum

# Stormsveipur í flokki minni jepplinga í formi VW T-Roc

T-Roc frá Volkswagen er flott útspil í þennan vinsælasta flokk bíla í heiminum í dag. Þar fer fagur bíll sem býðst með miklu vélaúrvali í hrikalega mörgum útfærslum, en umfram allt frábær akstursbíll.



Það er greinilega í mikilli tísku að bjóða nýja bíla með öðrum lit á þaki bílanna. Það kemur einkar vel út hér.

Þeir streyma hreinlega af færiböndunum litlu og sætu jepplingarnir og vart má finna bílaframleiðanda sem ekki er búinn að tefla fram sínum bíl í þessum flokki. Nú er Volkswagen komið fram með sitt útspil, T-Roc og það sperra allir eyrun þegar þessi bílarisi kemur fram með nýjan bíl. Sjaldnast misheppnast þýska framleiðandanum framleiðslan, markaðssetningin eða salan á sínum bílum. Volkswagen T-Roc fellur í B-stærðarflokk og er talsvert minni en Tiguan jepplingurinn sem Volkswagen hefur haft í boði frá árinu 2007. Það er alveg ljóst að T-Roc á eftir að mokseljast, ekki bara í ljósi þess að hann fellur í þann flokk bíla sem seljast hvað best í heiminum öllum um þessar mundir, heldur einnig vegna þess hve laglegur hann er og góður akstursbíll. Að auki mun hann bjóðast í fjöldamörgum útfærslum og með mikið úrval véla, eitthvað sem Volkswagen er þekkt fyrir. Og það mun vart minnka eftirspurnina að í sinni ódýrustu útfærslu mun hann kosta aðeins 3.290.000 kr.

## Með þeim allra laglegustu

Volkswagen er ekki þekkt fyrir yfirdrifna djörfung við hönnun nýrra bíla sinna og það á enn eina ferðina við T-Roc. Það sem T-Roc á þó einnig sameiginlegt með öðrum VW bílum er að hann er fagurlega hannaður og gæti með árunum talist tímalaus klassísk. Línur hans eru þó heldur skarpari en á öðrum úr VW-fjölskyldunni og virðist sem það sé viðkvæðið hjá flestum bílaframleiðendum í dag, þ.e. aðeins hvassari línur og meiri karakter. T-Roc gengur langt frá því eins langt og Toyota gerði við hönnun annars vel heppnaðs C-HR jepplings síns, sem er afar djarflega teiknaður og af svipaðri stærð og T-Roc. T-Roc er einfaldlega fallegur frá öllum hliðum, en þó skal viðra þá skoðun að afturendinn er hvað best heppnaður og erfitt að telja upp betri slíka. Volkswagen fer sömu leið og margur annar bílaframleiðandinn nú að bjóða T-Roc með öðrum lit á þaki og með fjölbreyttu litaúrvalinu má með því búa til ári margar útfærslur á þessum fallega bíl. Sem dæmi, þá er bíllinn í bláum lit með hvítt þak alveg hrikalega flottur og ekki skemma mjög laglegar álfelgurnar sem fylgja með. Margar aðrar útfærslur eru gullfallegar og hver og einn á að geta fundið sína draumasamsetningu.



Litaútfærslurnar í T-Roc eru nánast óteljandi.


Ytri litur bílsins er færður í innanrýmið og það gefur frísklegt yfirbragð.

## Mikið vélaúrval og kraftaköggull

Sem fyrr segir klikkar Volkswagen ekki á vélaúrvalinu og býður T-Roc með 6 vélagerðum, þremur bensínvélum og þremur dísilvélum. Þarna gerir Volkswagen mun betur en margur annar bílaframleiðandinn þar sem oft skortir á meira úrval og að minnsta kosti eina öfluga gerð. T-Roc má nefnilega fá með 190 hestafla bensínvél og er sá bíll ekki nema 7,2 sekúndur í hundraðið. Vélarnar eru frá 115 til 190 hestafla og sú aflminnsta er ekki nema 1,0 lítra og þriggja strokka vél. Staðreyndin er bara sú að flestar af þeim þriggja strokka vélum sem bjóðast í smærri bílum nú eru ári skemmtilegar, hljóma vel og duga þeim flestum. Það mun vafalaust einnig eiga við í tilfelli T-Roc en nú við kynningu T-Roc, sem fram fór í nágrenni Lissabon í Portúgal, var sá bíll ekki til reynslu þar sem framleiðsla hans er ekki hafin. Þar voru hins vegar 150 hestafla dísilútgáfa hans og 190 hestafla bensínbíll. Svo athyglivert er að bæði dísilvélarnar þrjár og bensínvélarnar þrjár eru 115, 150 og 190 hestöfl og allar forþjöppudrifnar. Með minnstu bensín- og dísilvélunum er T-Roc aðeins með framhjóladrifi, með öflugustu vélunum eingöngu með fjórhjóladrifi en með 150 hestafla vélunum fæst hann bæði með fjór- og framhjóladrifi. Fá má bæði 6 gíra beinskiptingu og 7 gíra DSG-sjálfskiptingu.

## Frábær akstursbíll

Með T-Roc er kominn fram einn albesti jepplingur sem framleiddur er. Það er hreinlega brjálæðislega skemmtilegt að aka bílnum og hann liggur eins vel og hægt er að gera kröfu um varðandi jepplinga. Hann er ekki mikill eftirbátur í akstri við Golf fólksbílinn þó háfættari sé. Er þar ekki leiðum að líkjast. Alveg sama var hvort bílnum var ekið í þröngum bæjum, hraðari akstri á þjóðvegum eða á fáförnum þröngum sveitavegum, alls staðar stóð T-Roc sig frábærlega og sakar það ekki fyrir þá sem aka munu bílnum á þýskum Autobahn að hann er líka fær um gríðarmikinn hraða og hagaði sér líkt og góður sportbíll við þær aðstæður. Með 190 hestafla bensínvélinni minnti bíllinn á Golf GTI, slíkt er aflið. Að innan er T-Roc afar smekklegur og sver sig mjög í ætt annarra Volkswagen bíla, með fremur einfalda en greinilega vel smíðaða innréttingu þar sem allt er innan handar, skiljanlegt og auðlært. Ytri litur bílsins er færður inn í innréttinguna og verður hann mjög frísklegur fyrir vikið, en sumum gæti þótt það ungæðislegt, en alls ekki greinarritara. Skott bílsins er vel rúmt, eða 445 lítrar og 1.290 lítrar með aftursætin niðri. Hekla mun kynna T-Roc til sögunnar í þessum mánuði svo biðin eftir bílnum er ekki löng. Verðið er frá 3.290.000 og upp yfir 5 milljónir í öflugustu og best búnu gerð hans.

> Með T-Roc er kominn fram einn albesti jepplingur sem framleiddur er. Það er hreinlega brjálæðislega skemmtilegt að aka bílnum og hann liggur eins vel og hægt er að gera kröfu um varðandi jepplinga.



# ERT ÞÚ KLÁR
# Í VETURINN?

## Vistvænn kostur!

**WEST LAKE®**

| STÆRÐ | FJÖLDI | | FULLT VERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|---|
| 175/65R14 | 4.STK | **Óneglanleg** | 50.000.- | **40.000.-** |
| 195/65R15 | 4.STK | **Óneglanleg** | 58.000.- | **46.000.-** |
| 205/55R16 | 4.STK | **Óneglanleg** | 52.000.- | **42.000.-** |
| 215/50R17 | 4.STK | **Óneglanleg** | 105.000.- | **84.000.-** |

**SW618**

| STÆRÐ | FJÖLDI | | FULLT VERÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|---|
| 265/70R16 | 4.STK | **Óneglanleg** | 111.000.- | **139,000.-** |
| 235/65R17 | 4.STK | **Óneglanleg** | 126.000.- | **101.000.-** |
| 235/60R18 | 4.STK | **Óneglanleg** | 130.000.- | **104,000.-** |
| 285/60R18 | 4.STK | **Óneglanleg** | 145.000.- | **116.000.-** |

**SW658**

# DEKKVERK

## SKEMMTILEGA ÓDÝR

**Nýbýlavegur 2 - Kópavogi - Sími: 578 7474 - www.dekkverk.is - Opið: virka daga 10 - 19 - Helgar 12 - 16**

# BÍLAR




Nýasta kynslóð Nissan Leaf er mun fegurri en forverinn.

# Framtíð Nissan er rafmögnuð

Nýr Nissan Leaf var kynntur í Ósló á dögunum og þar fer mun fríðari bíll en forverinn og drægni hans er orðin 379 km. Nissan Leaf er söluhæsti rafmagnsbíll heims og þessi nýja kynslóð mun vafalaust tryggja áframhald á því.

Í síðasta mánuði bauðst blaðamönnum að líta nýjan Nissan Leaf augum í Ósló, en hvar annars staðar væri meira viðeigandi að sýna þennan vinsæla rafmagnsbíl. Norðmenn eru svo ginnkeyptir fyrir rafmagnsbílum að það sem liðið er af þessu ári hefur fjórði hver nýr bíll sem þar er keyptur verið hreinræktaður rafmagnsbíll. Noregur hefur fyrir löngu tekið forystuna í heiminum á þessu sviði, en það jákvæða er að Ísland er í öðru sæti þegar kemur að hlutfallslegum kaupum á rafmagnsbílum. Það gladdi vafalaust margan bílablaðamanninn að sjá að ný kynslóð Nissan Leaf bílsins ber ekkert endilega með sér að þar fari rafmagnsbíll, hann er orðinn eins og hver annar fallegur bíll og það stendur ekki „stórum stöfum“ á honum að þar fari bíll knúinn rafmagni. Nýr Nissan Leaf er býsna laglegur bíll og það á bæði við ytra og innra útlit hans. Farangursrými hans hefur líka aukist úr 370 lítrum í 435.

## Mikið fé í þróun rafmagnsbíla

Renault-Nissan hefur á undanförnum árum lagt mikið í þróun rafmagnsbíla og hefur til þess fjárfest fyrir um 550 milljarða króna. Það er ekki lítið fé og því ekki nema von að það komi eitthvað einkar gott út úr því. Einn árangur þess er sá að Nissan Leaf er vinsælasti rafmagnsbíll heims og hefur nú þegar selst í 295.000 eintökum um allan heim. Það er þó ekki bara Nissan Leaf sem selst vel meðal rafmagnsbíla því Renault Zoe er söluhæsti rafmagnsbíll í Evrópu, auk þess sem sala rafmagnsdrifinna sendibíla Renault-Nissan hefur vaxið hröðum skrefum og hraðar en í tilviki fólksbílanna. Þrátt fyrir allt umtalið um rafmagnsbílaframleiðandann Tesla þá er Renault-Nissan miklu stærri rafmagnsbílaframleiðandi þó svo umtalið um bíla þeirra rati kannski ekki eins oft á fréttasíðurnar.

## Stærsti rafmagnsbílaframleiðandi heims

Renault-Nissan er einfaldlega stærsti framleiðandi rafmagnsbíla í heiminum og framleiðir um fjórðung allra þeirra rafmagnsbíla sem seljast í heiminum nú. Nissan spáir því að um 30% nýrra bíla sem seljist árið 2027, eftir aðeins 10 ár, verði rafmagnsbílar. Það er því ekki nema von að stór hluti þróunarfjár Renault-Nissan fari í rafmagnsbíla. Frá því Renault-Nissan hóf að selja rafmagnsbíla hefur tilkoma þeirra sparað alls um 600 milljón tonn af CO2 mengun. Því magni hefði verið spúð út í loftið ef bílar með brunavél hefðu verið keyptir í þeirra stað.

## Með 379 km drægni og bráðum 500 km

Ný kynslóð Nissan Leaf lofar góðu og það ekki bara fyrir nýtt og glæsilegt útlitið. Fyrir það fyrsta er hann með 379 km drægni, þökk sé 40 kWh rafhlöðu, en síðasta gerð Leaf var með 30 kWh rafhlöðu. Með nýrri 22kW hleðslustöð frá Renault-Nissan má hlaða bílinn að fullu á aðeins tveimur klukkustundum heima hjá sér, en Nissan hefur fundið út að yfir 80% eigenda Nissan Leaf hlaða bílinn eingöngu heima hjá sér. Með 7 kW hleðslustöð frá Renault-Nissan má fullhlaða bílinn á 5,5 klukkustundum. Rafmótorar Nissan Leaf eru nú 150 hestöfl og togið 320 Nm, en þetta afl dugar til að hraða bílnum í hundraðið á rétt innan við 10 sekúndum. Þrátt fyrir stóraukna drægni nýs Leaf ætlar Nissan að bjóða enn stærri rafhlöður í bílinn eftir eitt til eitt og hálft ár og þá á hann að komast um 500 km á fullri hleðslu. Með því er Leaf orðinn enginn eftirbátur Tesla bíla hvað drægni varðar, þrátt fyrir að vera miklu ódýrari.

# Snilldin að baki þróun BMW i3 afhjúpuð

Í byrjun árs 2015 heimsótti Joann Muler, blaðakona hjá Forbes, fyrirtækið Munro Associates í Detroit sem sérhæfir sig í verkfræðilegri ráðgjöf til framleiðslufyrirtækja í ýmsum greinum iðnaðar með það að markmiði að flýta þróun þeirra á markaðshæfum vörum til neytenda. Muler heimsótti fyrirtækið þegar sérfræðingar þess höfðu nýlega rifið nýjan BMW i3 í frumeindir, stykki fyrir stykki, til að skilja til fullnustu hugmyndafræði BMW að baki smíði rafmagnsbílsins sem þá var nýkominn á markað Norður-Ameríku. Jafnframt voru allir kostnaðarþættir við smíðina greindir nákvæmlega og upplýsingarnar settar í skýrslu sem seld var öðrum bílaframleiðendum með verkfræðilegri ráðgjöf um það hvað þeir gætu lært á aðferðafræði og háþróuðum tæknilausnum sem BMW hannaði fyrir rafmagnsbílinn i3.

## Þróaðasti bíll heims

„Þetta er án nokkurs efa þróaðasti bíllinn í heiminum í dag,“ sagði Sandy Munro, framkvæmdastjóri fyrirtækisins í viðtalinu við Muler og vísaði þar til yfirbyggingar bílsins, rafhlöðu hans og fleiri þátta sem skiptu sköpum við þróun hans og enginn annar bílaframleiðandi var að nota þá. Þetta voru upplýsingar sem aðrir höfðu kost á að kaupa og hagnýta sér við eigin þróun og framleiðslu á umhverfismildari bílum. Yfirbygging i3 er t.d. úr léttum og mjög sterkum koltrefjum sem gera bílinn mun léttari en ella hefði verið með notkun stáls eða jafnvel áls á sama tíma og þær veita farþegum bílsins fullkomna vernd í umferðaróhappi vegna styrkleika síns. Munro segir BMW i3 hafa valdið jafn mikilli byltingu og Ford Model T gerði á sínum tíma.

## Nýjar lausnir með i3

BMW i3 er fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn með yfirbyggingu úr koltrefjum til að draga úr þyngd bílsins og auka drægi rafhlöðunnar. Einnig er bíllinn smíðaður úr fjölda umhverfisvænna efna í innréttingu sem skaða ekki umhverfið að líftíma loknum. Hönnun rafhlöðunnar er einnig af öðrum toga en hjá öðrum.










## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**

Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**0-250 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

## Vespur



Til sölu nýinnflutt raf hjól ,tveggja hjóla 1000-2000 w. verð. 288.000. Stgr S. 8961662

## Hjólbarðar



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

**ÞVOTTAKOMPANÍIÐ**

**THVOTTAHUS.IS**

Þvottaþjónusta fyrir hótel, veitingastaði, verktaka o.fl. Áreiðanleg þjónusta á mjög sanngjörnu verði. Leitið tilboða 895-5812!

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is







## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- HELLULAGNIR

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 820 8888 eða verk@murumogsmidum.is

**Múrum og smíðum ehf**

**NULL**

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




## Gefins

Vasaútvarp + vekjaraklukka gefins, FM og AM. S:5546286/Boðaþing 22, íbúð 102, Kópavogur

## Óskast keypt

**RÚMBOTN 153X200 (QUINSIZE) ÓSKAST**

Óska eftir vel með förnum og ódýrum rúmbotn í stærð 153x200

**Nánari upplýsingar í s. 699 2778**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir litilli íbúð á höfuðborgarsv. í langtímaleigu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s: 783 6006

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Suðurlandsbraut 4-4A**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 26. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 4-4A við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst kvöð um bílastæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Eikjuvogur 27**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. október 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 26. október 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Eikjuvog. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr einni í þrjár. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 7. nóvember 2017 til og með 19. desember 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, w**ww.reykjavik.is**, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 19. desember 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 7. nóvember 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



MIÐSTÖÐ MELTINGARLÆKNINGA

## Hjúkrunarfræðingur

Miðstöð meltingarlækninga, Læknastöðinni Glæsibæ, óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa. Starfshlutfall allt að 80%

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið laeknastodin@laeknastodin.is **fyrir 15. nóvember nk.**

Nánari upplýsingar veitir Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri á **kristin@laeknastodin.is**

**Læknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík · sími: 5356800 · fax: 5356805**

---

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær - Linnetsstígur 6

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 03.10.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Linnetsstíg 6 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Jafnframt verði tillagan grenndarkynnt. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær.**

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 07.11. til 19.12. 2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á **www.hafnarfjordur.is**.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 19.12. 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Skipulagsfulltrúi.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson**
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

**Garðar B. Sigurjónsson**
Í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
S: 898-0255

## Rauðalækur 51 – 105 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUD. 7. NÓVEMBER KL. 17:00 - 17:30**




Vel skipulögð 106,4 fm. 5 herbergja íbúð á 2. hæð á frábærum stað. Þrjú svefnherbergi og tvær stofur. Íbúðin er í fjórbýlishúsi sem stendur í botnlangagötu inn af Rauðalæk. Aðeins ein íbúð á hverri hæð. Sérgeymsla í kjallara. **Verð: 49,9 millj.**

## Rauðalækur 69 – 105 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUD. 7. NÓVEMBER KL. 17:45 - 18:15**




Glæsileg og rúmgóð 4ra herbergja hæð við Rauðalæk. Eignin er skráð 118,8 fm. þar af eru tvær geymslur 1,3 fm. og 1,2 fm. Eignin er á efstu hæð í fjögurra íbúða húsi með suður svalir. **Verð: 54,5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

# ÚTBOÐ




## SORPA BS. ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í VERKIÐ

### Gas- og jarðgerðarstöð/Waste Treatment Plant

SORPA áformar að byggja gas- og jarðgerðarstöð fyrir vinnslu á úrgangi í Álfsnesi.

Stöðin mun í fyrsta áfanga meðhöndla 36.000 tonn á ári af formeðhöndluðum heimilisúrgangi.

Vinnslurými stöðvarinnar verður lokað og allt loft sem frá stöðinni berst meðhöndlað í lífsíum.

**ÁÆTLUÐ VERKLOK ERU Í APRÍL 2019**

**Meginhlutar stöðvarinnar eru:**

- Móttökuhús
- 20 vinnslukrær
- 10 þroskunarkrær
- Sigtunar- og geymslubygging
- Gasgerðartankar, vökvunar- og loftunarkerfi fyrir krær
- Stjórnstöð, fræðslusetur og starfsmannaaðstaða
- Tæknirými

**Helstu verkþættir eru:**

- Deilihönnun
- Jarðvinna fyrir mannvirki og veitur ásamt frágangi utanhúss
- Mannvirkjagerð
- Innkaup og uppsetning á búnaði

**Gólfflötur bygginga er samtals áætlaður 12.000 m². Helstu magntölur eru:**

Steypa: 8.155 m³
Gasgerðartankar: 2 × 3.350 m³
Þakeiningar: 5.445 m²
Límtré: 370 m³

Magntölur eru áætlaðar. Byggingar og kerfi hafa verið forhönnuð en deilihönnun, þ.m.t. séruppdrættir arkitekta, er hluti af útboði.

Útboðsgögn verða aðgengileg í gegnum örugga gagnagátt frá og með *þriðjudeginum 7. nóvember, kl. 9.00*, gegn 30.000 kr. óafturkræfu gjaldi.

Sækja þarf um aðgang að gagnagátt á vefslóð **sorpa.is/wtp**

Tilboð verða opnuð:
*þriðjudaginn 12. desember 2017, kl. 11.00*
á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og um það gilda lög nr. 120/2016 um opinber innkaup.

SORPA | Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is

SORPA

---





Ástkær eiginmaður minn,

**Hans Meinhard Jensen**

áður Kjarnagötu 14, Akureyri,

lést 26. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 9. nóvember kl. 13.30.

**Áslaug Á. Jóhannsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólína Anna Guðjónsdóttir**

frá Eiðhúsum, Miklaholtshreppi, síðast til heimilis að Björtuhlíð 33,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ föstudaginn 3. nóvember. Hún verður jarðsungin föstudaginn 10. nóvember 2017 frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ klukkan 13.00.

**Erling Jóhannesson**
**Eva Erlingsdóttir** — **Lárus Björnsson**
**Una Erlingsdóttir** — **Vagn Ingólfsson**
**Jóhannes Erlingsson** — **Valborg Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Margrét Snorradóttir**

Þykkvabæ 14,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 4. nóvember 2017. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 13. nóvember kl. 15.00.

**Jón Magngeirsson**
**Reynir Jónsson** — **Þorgerður Ernudóttir**
**Birgir Jónsson** — **Elsa Óskarsdóttir**
**Birna Jónsdóttir** — **Sigfús Ásgeir Kárason**
**og barnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

# Ég á fullt af alnöfnum

## Ingibjörg Hafstað kennari sem þekkt er fyrir áhuga sinn og atorku í sambandi við íslenskukennslu nýbúa er sjötug í dag. Hún stofnaði og rekur fyrirtækið Fjölmenningu.

Margir þurfa að láta af störfum þegar sjötugsafmælið brestur á svo Ingibjörg Hafstað kennari sem fyllir sjöunda tuginn í dag er spurð hvort um meiriháttar tímamót sé að ræða. „Nei, ég er nú eiginlega hætt að vinna reglubundið, veiktist í fyrra svo það kom af sjálfu sér. Nú tek ég bara að mér verkefni. Ég kenndi útlendingum íslensku í mörg ár. Stofnaði lítið fyrirtæki utan um það sem heitir Fjölmenning og hafði nóg að gera, ég hefði getað haldið áfram þess vegna.“

> **Ég mundi ekki gera mínu barni það að alast upp á svo mörgum og ólíkum stöðum, held að það sé ekkert hollt en ég lærði mörg tungumál og það hefur komið sér vel í kennslu fyrir útlendinga.**

Þegar Ingibjörgu er slegið upp í Íslendingabók kemur í ljós að í hennar formæðra- og feðrahópi eru auk Hafstaðs, ættarnöfnin Hafstein, Scheving, Stephensen og Kvaran. Hún hlær þegar hún er spurð hvort það sé gaman að heita Hafstað? „Ég reyndi einu sinni að hætta að nota þetta nafn en það tókst ekki. Nafnið er það mikill hluti af manni. Ég heiti Ingibjörg Sigurðardóttir og þar var fræg skáldkona fyrir á fleti. Amma hét Ingibjörg og ég á fullt af alnöfnum.“

Hún segir Hafstaðsnafnið koma úr Skagafirði. „Afi minn bjó í Vík í Skagafirði, það er óðalið og þar býr ein nafna mín.“

Þótt Ingibjörg reki ættir sínar norður kveðst hún hafa alist upp í útlöndum að mestu leyti. „Ég er diplómatabarn, fædd í Moskvu og þaðan fóru foreldrar mínir, Sigurður Hafstað og Ragnheiður Kvaran, til Svíþjóðar, svo til Noregs, síðan til Frakklands og aftur til Moskvu svo það var mikið rót á okkur,“ útskýrir hún. „Ég mundi ekki gera mínu barni það að alast upp á svo mörgum og ólíkum stöðum, held að það sé ekkert hollt en ég lærði mörg tungumál og það hefur komið sér vel í kennslu fyrir útlendinga.“

Nú þarf Ingibjörg að rjúka því hún á tíma hjá tannlækni uppi á Akranesi en hún hefur pottþétt frá mörgu að segja, svo það væri efni í heila bók. Kemur sú bók kannski einhvern tíma? „Það gæti bara vel verið nú þegar ég er hætt að vinna!“

**gun@frettabladid.is**



**Ingibjörg útilokar ekki að skrifa bók nú þegar hún er hætt að vinna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Elsku eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdafaðir og afi,

**Svavar Kristinsson**

rafverktaki,
Logafold 136, Reykjavík,

lést laugardaginn 28. október sl. Útför hans fer fram í Langholtskirkju fimmtudaginn 9. nóvember klukkan 15.00. Þökkum kveðjur og hlýhug.

**Anna Steindórsdóttir**
**Sólveig María Svavarsdóttir** — **Jón Heiðar Hannesson**
**Svavar Már Svavarsson** — **Elísabet Esther Sævarsdóttir**
**Sigríður Inga Svavarsdóttir** — **Rósant Friðrik Skúlason**
**Sindri Snær Svavarsson**
**og afabörnin Steindór Sólon, Ísold Svava, Bjarmi Sær, Maísól Mirra og Ronja.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hadda Benediktsdóttir**

áður til heimilis Suðurtúni 11,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík laugardaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Stefán Hans Stephensen** — **Kristín Jóhanna Kjartansdóttir**
**Lára G. Stephensen** — **Jakob Svanur Bjarnason**
**Eiríkur G. Stephensen** — **María Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elín Sigurjónsdóttir**

Vesturtúni 28, Álftanesi,

lést fimmtudaginn 2. nóvember.

**Guðný Lára Petersen**
**Selma Björk Petersen** — **Ellert Gissurarson**
**Styrmir Petersen** — **Margrét Gilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kapitolu Snjólaugar Jóhannsdóttur**

Mýrargötu 18, Neskaupstað,
áður Hamragerði 7, Egilsstöðum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki sjúkradeildar Heilbrigðisstofnunar Austurlands í Neskaupstað.

**Sveinn Árnason**
**Jóhann S. Hákonarson** — **Sigríður Kristinsdóttir**
**Aðalsteinn Hákonarson** — **Elínborg Valsdóttir**
**Inga Birna Hákonardóttir**
**Þórveig Hákonardóttir** — **Guðmundur Ólafsson**
**Elín Hildur Sveinsdóttir** — **Ragnar Guðmundsson**
**Stefanía Anna Hoskins** — **Chris Hoskins**
**Eva Steinunn Sveinsdóttir** — **Þorvarður Sigurbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


TÓNLEIKUR KYNNIR
JESSIE J
LAUGARDALSHÖLL
18. APRÍL
MIÐASALA Á TIX.IS
JESSIEJOFFICIAL.COM | /JESSIEJ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Breytileg átt á landinu og vindhraði hóflegur. Það verða dálítil él á víð og dreif um landið vestanvert. Á austurhelmingi landsins verður hins vegar slydda eða snjókoma um tíma því snaggaralegt úrkomusvæði mun ganga þar yfir.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 8 | 5 | | | | 4 | 1 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | 3 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 6 | | 1 | 9 | | 5 | | |
| | 5 | 2 | | | | | | 4 |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | | 3 | | | 9 |
| | | 6 | 7 | | 5 | 2 | | 8 |
| | 3 | 7 | | 8 | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 5 | | 4 | | 9 |
| 2 | | | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | 7 | 8 | | | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | 5 | | |
| 3 | 8 | | 4 | | | | 6 | 2 |
| | | 7 | | 3 | 8 | | | |
| | | 3 | | | | | 7 | 1 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | | | | 2 | | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | | 1 | 6 |
| | | 6 | | | 7 | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| 1 | | | | 3 | | | | |
| | 8 | 4 | 2 | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 5 | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | 6 | 5 |
| | 2 | 3 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 4 | 3 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 |
| 5 | 3 | 6 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 | 1 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 7 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 | 8 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 |
| 2 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 3 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 8 | 5 | 7 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. svörður
6. kúgun
8. mál
9. rénun
11. aðgæta
12. flugfar
14. fet
16. býli
17. fjallaskarð
18. orga
20. golf áhald
21. flokka

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. pot
4. gunga
5. hamfletta
7. matarréttur
10. hald
13. ískur
15. gerviefni
16. kaupstaður
19. til

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. torf, 6. ok, 8. tal, 9. lát, 11. gá, 12. flaug, 14. skref, 16. bú, 17. gil, 18. æpa, 20. tí, 21. raða.
**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. ot, 4. raggeit, 5. flá, 7. kálsúpa, 10. tak, 13. urg, 15. flís, 16. bær, 19. að.

## Skák

Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2567) átti leik gegn Rógva Nielsen (2338), Færeyjum, í EM landsliða í gær í Krít.



**Svartur á leik**

**21...Ha2! 22. Hb2** (22. Dxa2 Dxe4+ 23. Kf1 Dd3+). **22... d3! 23. De3 Rc4 24. Rg3 Rxe3 24. Rxf5 Hxb2 25. Rxe3 He2+** og svartur vann skömmu síðar. Ísland vann 4-0 og endaði sveitin í 27. sæti eða sama sæti og henni var raðað í fyrir mót. Aserar urðu Evrópumeistarar.

**www.skak.is.** Ítarleg umfjöllun um EM.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HEILSÁRS ÞJÓNUSTA
Öll garð- og vetrarþjónusta
...í áskrift

28 ára fyrirtæki
GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - www.gardlist.is

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
*á mánuði
365

# LÁTTU EKKI **SÍMANN** PLATA ÞIG

**365** er á sama farsímakerfi og **Síminn** en á mun **lægra verði**

365

**11GB** + SMS

**2.590 KR.**

Veldu GSM hjá 365 og fáðu **11 GB** af neti í símann ásamt **endalausum símtölum** og **sms** á **2.590 kr.**

Á mánuði

365.is | 1817

365







Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Félagar Camerarctica sem spila í kvöld eru Ármann, Svava, Bryndís, Ingunn Hildur og systkinin Hildigunnur og Sigurður.

# Bæði léttleiki og dramatík

## Camerarctica og Ingibjörg Guðjónsdóttir söngkonu, koma fram í sal Tónlistarskólans í Garðabæ við Kirkjulund í kvöld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Verkin sem við flytjum eru öll dáð í bókmenntum klarinettunnar og sýna hennar bestu hliðar bæði í dýnamík og litrófi. Þar er dramatík og líka létt og leikandi tónlist," segir Ármann Helgason klarinettuleikari í tónlistarhópnum Camerarctica sem kemur fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar við Kirkjulund í kvöld, ásamt söngkonunni Ingibjörgu Guðjónsdóttur sem einnig er listrænn stjórnandi.

Ármann segir dagskrána svolítið litaða af óperuheiminum. Þar eru verk þriggja tónskálda klassíska og rómantíska tímabilsins. Þau eru Carl Maria von Weber, Mikhail Glinka og Wolfgang Amadeus Mozart. „Þessi tónskáld heyrðu greinilega óperutón í klarinettunni og hrifust af honum," segir hann glaðlega.

Auk Ármanns verða Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Bryndís Pálsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari og Ingunn Hildur Hauksdóttir píanóleikari með Camerarctica í kvöld. Þrjú þeirra voru meðal stofnenda hópsins fyrir 25 árum, þau Ármann, Hildigunnur og Sigurður. Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari hefur líka tilheyrt Camerarctica frá fyrstu tíð en spilar ekki með að þessu sinni.

Ármann segir fjóra fulltrúa sveitarinnar búa í Garðabæ og fagnar því að fá að spila í sal Tónlistarskólans þar, sem sé frábær kammersalur, fallegur og bjartur."

Söngkonan Ingibjörg Guðjónsdóttir er líka Garðbæingur. Hún hefur áður komið fram með Camerarctica og kveðst þekkja vel snillingana þar.

Ingibjörg segir prógramm kvöldsins svakalega flott. Gerir samt ekki mikið úr sínum hlut. „Ég kem bara inn í einu atriði. Hljóðfæraleikararnir bera þessa dagskrá uppi," tekur hún fram. „En ég held utan um tónleikaröðina, Þriðjudagsklassík í Garðabæ fyrir menningar-og safnanefnd bæjarins sem stendur á bak við hana. Þetta er í fyrsta sinn sem tónleikarnir eru að hausti til, þeir hafa alltaf verið á vormánuðum en við erum ánægð með þennan árstíma."

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og standa í um klukkutíma. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**gun@frettabladid.is**

### Upplýsingar um verkin, fengnar frá Ármanni

**Kvintettinn fyrir klarinettu og strengjakvartett eftir Carl Maria von Weber var skrifaður árið 1815 með klarinettuvirtúósinn Henrich Bearmann í huga en alls urðu klarinettuverkin sex sem Webertileinkaði vini sínum.**

**Mikhail Glinka samdi Tríó Pathétique í d-moll fyrir klarinettu, selló og píanó árið 1832. Verkið er stutt en gullsteinn verksins er hægi þátturinn þar sem hljóðfærin syngja hvert um sig sína aríu.**

**Samband Mozarts við klarinettuna var einstakt. Í aríunni „Parto parto" úr La Clemenza di Tito fá stefin og laglínurnar að fljóta á milli söngsins og klarinettunnar.**

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN FRAMLEIÐSLA

FYRSTI VALKOSTUR
Í STAÐ NAGLADEKKJA
ER GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKKIN

– Sænska öryggisprófið staðfestir það svo um munar auk fjölda ánægðra viðskiptavina. Björgunasveitin á Flúðum hefur notað Green Diamond í marga vetur. Green Diamond harðkornadekkin eru réttu dekkin til að leysa nagladekkin af hólmi á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru endurunnin og valda ekki svifryki eins og nagladekk og má nota allt árið.

GARÐABÆR | ISAVIA | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum

* www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk




PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

# SKÍÐADAGAR
# 30-70% AFSLÁTTUR



7.- 17. nóvember

hreinsum til fyrir nýjum vörum í Fjallakofanum

**SKÍÐI** SKÍÐASKÓR
**SKÍÐABINDINGAR**
**FJALLASKÍÐASKÓR**
FJALLASKÍÐABINDINGAR
SKÍÐAPOKAR **SKÍÐAHANSKAR**
**SKÍÐAHJÁLMAR**
**SKÍÐABUXUR** **FJALLASKÍÐI**
SKÍÐAGLERAUGU
**SNJÓFLÓÐABAKPOKAR**
**SKÍÐAJAKKAR** SKÍÐASOKKAR
**GÖNGUSKÍÐI**
SKÍÐABAKPOKAR
**GÖNGUSKÍÐASKÓR**
GÖNGUSKÍÐASTAFIR
**SKÍÐAHÚFUR**
SKÍÐAÁBURÐUR
**SPLIT-BRETTI**
**SKÍÐASTAFIR**

**NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ GRÆJA SIG UPP FYRIR SKÍÐAVETURINN MIKLA 2018!**

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Í SKÍÐADEILD OKKAR KRINGLUNNI 7

S: 510 9505 | fjallakofinn.is
Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64

FJALLA KOFINN

Coca-Cola BÍÓ
á þriðjudögum í Laugarásbíó
750 kr.
á allar myndir nema íslenskar
FRÍ ÁFYLLING Á GOSI Í HLÉI
LAUGARÁS BÍÓ
BAD MOMS CHRISTMAS — SÝND KL. 5.45, 8, 10.15
THE FOREIGNER — SÝND KL. 8, 10.25
HAPPY DEATH DAY — SÝND KL. 10.15
UNDIR TRÉNU — SÝND KL. 5.45
Hneturánið 2 — SÝND KL. 5.45

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
ONLY THE BRAVE
THOR RAGNAROK
PEPSIBÍÓ - 50% AF MIÐANUM
Frá þeim sömu og færðu okkur Independence Day
SOME THINGS WERE NEVER MEANT TO BE CONTROLLED
GEOSTORM
REESE WITHERSPOON Home Again
Besta rómantíska gamanmynd ársins!
Byggð á metsölubók Jo Nesbø
THE SNOWMAN
THE LEGO NINJAGO MOVIE
Sýnd með íslensku tali

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| ONLY THE BRAVE | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| GEOSTORM | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE SNOWMAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:15 - 8 - 9 - 10:45 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 7:45 - 10:30 | 12 |
| GEOSTORM | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 9 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 9 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 10:20 | 12 |
| A BAD MOMS CHRISTMAS | KL. 8 | 12 |
| MY LITTLE PONY ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |


Góða skemmtun í bíó

fatboy®
The Petit Lampinn
Snilldar lampi, fáguð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu.
Verð frá 7.650 kr.
30 gerðir af ólíkum skermum í boði.
Verð 1.745 kr.
rekkjan HEILSURÚM
ARGH!!! 011117

29. NÓVEMBER Í HÖRPU
KATHY GRIFFIN
"BOUNDLESS ENERGY" Parade
HEIMSTÚRINN
LAUGH YOUR HEAD OFF
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Kvartett Andrésar Þórs á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu
Á Jazzkvöldi KEX Hostels kemur fram kvartett gítarleikarans Andrésar Þórs Gunnlaugssonar. Auk hans skipa hljómsveitina þeir Agnar Már Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Þeir munu flytja blöndu af þekktum djasslögum og lögum eftir Andrés.

**Hvað?** Kúnstpása – Dísella og Bjarni Frímann
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Harpa
Í kvöld koma þau fram á Kúnstpásu Dísella Lárusdóttir sópransöngkona og Bjarni Frímann Bjarnason, hljómsveitarstjóri og píanóleikari. Þau flytja fallegt prógramm með verkum eftir Brahms, Massenet, Wolf og Tchaikovsky.

### Viðburðir

**Hvað?** Októberbyltingin 100 ára
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Pólitísk menningardagskrá í boði Alþýðufylkingarinnar, MFÍK, MÍR og Sósíalistaflokks Íslands. Aðgangur ókeypis, en frjálsum framlögum safnað á staðnum.

**Hvað?** Þriðjudagsfyrirlestur – Hugleikur Dagsson
**Hvenær?** 17.00



Hugleikur Dagsson heldur þriðjudagsfyrirlesturinn í Listasafni Akureyrar í dag.



Haldið verður upp á 100 ára afmæli Októberbyltingarinnar í dag og að því tilefni verður pólitísk menningardagskrá í boði Alþýðufylkingarinnar, MFÍK, MÍR og Sósíalistaflokks Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvar?** Ketilhúsið, Listasafninu á Akureyri
Á fyrirlestrinum mun Hugleikur fjalla um 15 ára feril sinn sem sjálfstætt starfandi höfundur myndasagna, leikrita, sjónvarpsþátta og uppistands. Hugleikur útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2002. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Dansnámskeið í sænsku buggi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Kennt er framhaldsnámskeið 6, sem er tveggja kvölda námskeið, kennt 7. nóvember og 14. nóvember.

**Hvað?** Yoga Moves
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Yoga Shala, Skeifunni 7
Yoga Moves er jóga, dans og hugleiðslu viðburður. Plötusnúðurinn Yahamo mun sjá um að leiða tónlistina og Tómas Oddur Eiríksson leiðir jóga og dans. Í lok stundarinnar kemur leynigestur og leiðir gongslökun. Verð 2.500 kr.

**Hvað?** Hádegisfyrirlestur – Guðmundur Ingólfsson. Á eigin vegum. Ljósmyndir 1967-2017
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Í dag flytur Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari erindi um sýninguna Á eigin vegum. Ljósmyndir 1967-2017. Guðmundur Ingólfsson er meðal fremstu ljósmyndara sinnar kynslóðar á Íslandi. Guðmundur hefur notið þess að ljósmynda á eigin vegum og á stórar filmur, landslag og byggð. Í Reykjavík hefur hann skrásett ásýnd borgarinnar og í myndum teknum í úthverfum og í Kvosinni – af sjoppum og af mannlífi – birtast breytingar sem sýna þróun byggðar. Sýningin veitir yfirlit um hálfrar aldar ljósmyndaferil Guðmundar Ingólfssonar.

**Hvað?** Fyrirlestur: Hermun hins hulda og bjarta alheims á ofurtölvum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ, Dunhaga
Í dag mun prófessor Volker Springel, forstjóri Max Planck stofnunarinnar í stjarneðlisfræði í Garching í Þýskalandi og forseti kennilega stjarneðlisfræðihópsins hjá Heidelberg stofnuninni í kennilegum fræðum í Heidelberg í Þýskalandi, halda opinn fyrirlestur. Heiti fyrirlestursins er: Hermun hins hulda og bjarta alheims á ofurtölvum (e. Supercomputer simulations of the dark and luminous Universe).

**Hvað?** Tuesday Milonga
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hlemmur Square, Laugavegi
Milonga á nýjum stað, Hótel/Hostel Hlemmur Square í anddyri. Ókeypis aðgangur. DJ Þorvarður.

**Hvað?** Bókmenntakvöld í Bókasafni Seltjarnarness
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness, Eiðistorgi
Tvísaga: fjölskyldusaga verður til umfjöllunar á bókmenntakvöldi í kvöld klukkan 19:30. Höfundurinn Ásdís Halla Bragadóttir fjallar um og les upp úr bókinni.
Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
THE PARTY
FINAL PORTRAIT

| | |
|---|---|
| The Party | 18:00, 23:00 |
| Final Portrait | 18:00 |
| Island Songs ENG SUB | 18:00 |
| Botoks ENG SUB | 20:00 |
| Thelma | 20:00 |
| Sumarbörn | 20:00 |
| Mother | 22:15 |
| Undir Trénu ENG SUB | 22:00 |




**ÞRIÐJUDAGA**
KLUKKAN 20:35

# Fósturbörn

Af hverju geta á fjórða hundrað barna ekki búið heima hjá mömmu og pabba og hvað verður þá um þau? Í vetur mun **Sindri Sindrason** kynna sér alla anga fósturkerfisins, hitta börn sem verið hafa í fóstri, fósturforeldra og blóðforeldra sem misst hafa forræði yfir börnum sínum.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.20** **Teen Titans Go!**
**07.45** **The Middle**
**08.10** **Mike & Molly**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **Undateable**
**10.50** **Jamie's 30 Minute Meals**
**11.15** **Suits**
**12.00** **Hvar er best að búa**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The X-Factor UK**
**13.45** **The X-Factor UK**
**15.20** **The X-Factor UK**
**16.05** **The Big Bang Theory**
**16.30** **Friends**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Fréttayfirlit og veður**
**19.25** **Last Week Tonight With John Oliver**
**20.05** **Modern Family**
**20.30** **Fósturbörn** Af hverju geta á fjórða hundrað barna ekki búið heima hjá mömmu og pabba og hvað verður þá um þau? Í vetur mun Sindri Sindrason kynna sér alla anga kerfisins, hitta börn sem verið hafa í fóstri, fósturforeldra, og blóðforeldra sem misst hafa forræði yfir börnum sínum.
**20.50** **Tin Star**
**21.45** **Outlander**
**22.40** **Curb Your Enthusiasm**
**23.10** **Grey's Anatomy**
**23.55** **Wentworth**
**00.50** **Nashville**
**01.30** **Big Little Lies** Nýir dramatískir spennuþættir úr smiðju Davids E. Kelly með Nicole Kidman, Reese Witherspoon, Alexander Skarsgård, James Tupper og Lauru Dern í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um hóp vellauðugra vinkvenna sem þurfa að standa saman.
**02.20** **Big Little Lies**
**03.10** **Big Little Lies**
**04.10** **Ten Days in the Valley**
**04.55** **Queen Sugar**
**05.35** **Ellen**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** **Olís-deild kk-FH - ÍR**
**08.30** **Seinni bylgjan**
**10.00** **Wolverhampton Wanderers - Fulham**
**11.40** **Football League Show**
**12.10** **Dominos -kk-Keflavík - Þór Þ.**
**13.50** **Barcelona - Sevilla**
**15.30** **Spænsku mörkin**
**Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu.**
**16.25** **Olís-deild kvk-Haukar - ÍBV**
**17.55** **Olís-deild kk-FH - ÍR**
**19.25** **Seinni bylgjan**
**20.50** **Premier League Review**
**21.45** **Manchester City - Arsenal**
**23.25** **Messan**
**00.55** **Þýsku mörkin**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** **West Ham - Liverpool**
**08.40** **Southampton - Burnley**
**10.20** **Stoke City - Leicester City**
**12.00** **Huddersfield Town - WBA**
**13.40** **Newcastle - Bournemouth**
**15.20** **Augsburg - Bayer Leverkusen**
**17.00** **Bor. Dortmund - Bayern München**
**18.40** **Þýsku mörkin**
**19.10** **Washington Wizards - Cleveland Cavaliers**
**21.45** **UFC Live Events**
**00.05** **Premier League Review**

### STÖÐ 3

**17.00** **Gilmore Girls**
**17.45** **League**
**18.10** **The New Girl**
**18.35** **Modern Family**
**19.00** **Seinfeld**
**19.25** **Friends**
**19.50** **World's Strictest Parents**
**20.50** **The Last Man on Earth**
**21.35** **Sleepy Hollow**
**22.20** **The Strain**
**23.05** **Flash**
**23.50** **Supernatural**
**00.35** **Cold Case**
**01.20** **Seinfeld**
**01.45** **Friends**
**02.10** **Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Áfram Diego, áfram!**
**08.24** **Svampur Sveinsson**
**08.49** **Lalli**
**08.55** **Rasmus Klumpur**
**09.00** **Strumparnir**
**09.25** **Ævintýraferðin**
**09.37** **Hvellur keppnisbíll**
**09.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00** **K3 (23 / 52)**
**10.13** **Víkingurinn Viggó**
**10.27** **Tindur**
**10.38** **Mæja býfluga**
**10.47** **Stóri og litli**
**11.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00** **Áfram Diego, áfram!**
**12.24** **Svampur Sveinsson**
**12.49** **Lalli**
**12.55** **Rasmus Klumpur**
**13.00** **Strumparnir**
**13.25** **Ævintýraferðin**
**13.37** **Hvellur keppnisbíll**
**13.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00** **K3 (23 / 52)**
**14.11** **Víkingurinn Viggó**
**14.25** **Tindur**
**14.36** **Mæja býfluga**
**14.48** **Stóri og litli**
**15.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00** **Áfram Diego, áfram!**
**16.24** **Svampur Sveinsson**
**16.49** **Lalli**
**16.55** **Rasmus Klumpur**
**17.00** **Strumparnir**
**17.25** **Ævintýraferðin**
**17.37** **Hvellur keppnisbíll**
**17.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00** **K3 (23 / 52)**
**18.11** **Víkingurinn Viggó**
**18.25** **Tindur**
**18.36** **Mæja býfluga**
**18.48** **Stóri og litli**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47**

### GOLFSTÖÐIN

**07.00** **Shriners Hospitals for Children Open**
**10.00** **PGA Highlights**
**10.55** **Shriners Hospitals for Children Open**
**13.55** **Turkish Airlines Open**
**18.55** **Golfing World**
**19.45** **2017 Playoffs Official Film**
**20.35** **Golfing World**
**21.25** **Shriners Hospitals for Children Open**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.20** **Beyond the Lights**
**13.15** **Make Your Move**
**15.05** **She's Funny That Way**
**16.40** **Beyond the Lights** Dramatísk mynd frá 2014 um hæfileikaríka söngkonu að nafni Noni sem á í vaxandi erfiðleikum með að höndla þær kröfur sem gerðar eru til hennar þegar hún verður ástfangin af lögreglumanni sem á eftir að reynast henni betur en nokkur annar.
**18.35** **Make Your Move**
**20.25** **She's Funny That Way**
**22.00** **Hateship Loveship** Rómantísk mynd frá árinu 2013 sem fjallar um táningsstúlku sem ákveður ásamt vinkonu sinni að hrekkja og blekkja heimilishjálp afa síns með því að senda henni ástarbréf í nafni föður síns. Heimilishjálpin sér ekki í gegnum blekkinguna, byrjar að skrifa til baka og sannfærist um að faðir Sabithu elski hana í raun.
**23.45** **Dying of the Light**
**01.20** **Phantom**
**03.00** **Hateship Loveship**

### RÚV

**16.40** **Menningin - samantekt**
**17.00** **Íslendingar**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Kata og Mummi**
**18.12** **Söguhúsið**
**18.19** **Drekar**
**18.41** **Skógargengið**
**18.42** **Klaufabárðarnir**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.40** **Kastljós og Menningin**
**20.05** **Siðbótin**
**20.40** **Sagan bak við smellinn – The Time of My Life**
**21.15** **Kveikur**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Njósnarinn frá London**
**23.20** **Versalir**
**00.15** **Kastljós og Menningin**
**00.35** **Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **The Tonight Show**
**09.45** **The Late Late Show**
**10.25** **Royal Pains**
**11.10** **Síminn + Spotify**
**13.35** **Dr. Phil**
**14.15** **Extra Gear**
**14.40** **Top Chef**
**15.25** **Life in Pieces**
**15.50** **Survivor**
**16.35** **Everybody Loves Raymond**
**17.00** **King of Queens**
**17.25** **How I Met Your Mother**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Late Late Show**
**19.55** **Will & Grace**
**20.20** **Ný sýn - Tómas A. Tómasson**
**21.00** **This is Us**
**21.45** **Salvation**
**22.30** **Difficult People**
**23.00** **The Tonight Show**
**23.40** **The Late Late Show**
**00.20** **CSI Miami**
**01.05** **Remedy**
**01.50** **Chicago Justice**
**02.35** **Law & Order True Crime. The Menendez Murders**
**03.20** **Better Things**
**03.50** **This is Us**
**04.35** **Salvation**
**05.20** **Difficult People**
**05.50** **Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**FÓSTURBÖRN**
KL. 20:30
Af hverju geta á fjórða hundrað barna ekki búið heima hjá mömmu og pabba og hvað verður um þau? Í vetur mun Sindri Sindrason kynna sér alla anga kerfisins, hitta börn sem verið hafa í fóstri, fósturforeldra og blóðforeldra sem hafa misst forræði yfir börnum sínum.

Þrælgott
**Þriðjudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**MODERN FAMILY**
KL. 20:05
Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum.



**TIN STAR**
KL. 20:55
Vandaðir breskir spennuþættir um Jim Worth, fyrrverandi rannsóknarlögreglumann sem flytur með fjölskyldu sína í smábæ í Kanada en ekki er allt sem sýnist.



**OUTLANDER**
KL. 21:45
Magnaðir og sjóðheitir þættir sem fjalla um hjúkrunarkonuna Claire sem ferðaðist aftur í tímann og flæktist í tímalausan ástarþríhyrning.



**HATESHIP LOVESHIP**
KL. 22:00
Rómantísk mynd um táningsstúlku sem ákveður að hrekkja heimilishjálp afa síns með því að senda henni ástarbréf í nafni föður síns.



**SEINFELD**
ALLA VIRKA DAGA KL. 19:00
Jerry Seinfeld er skemmtilegur uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




# Velkomin í nýtt miðborgarhverfi

Viltu eignast glæsilega íbúð í nýju og nútímalegu íbúðahverfi á frábærum stað í Reykjavík? Í Efstaleitinu rís fallegt miðborgarhverfi með verslunar- og þjónustukjarna og notalegu afþreyingar- og leiksvæði fyrir íbúa. Þar er líka örstutt í alla þjónustu, skóla, veitingastaði og vinsæl útivistarsvæði.





Skoðaðu nánari upplýsingar um íbúðirnar á **efstaleitid.is**







Íbúðirnar eru með glæsilegum innréttingum. Innanhússarkitekt sá um að velja efni og liti á innréttingum og flísum.

SKUGGI

EFSTALEITIÐ

# Dagarnir sem við eigum eftir

Valentínusardagurinn, Hrekkjavakan, jólabjórinn, svarti föstudagurinn og fleiri eru hefðir sem hafa rutt sér til rúms að undanförnu. Þó nokkrir dagar séu komnir til að vera eigum við fjölmarga stórskemmtilega daga algjörlega eftir.






## SPRING BREAK

Háskólanemar í Bandaríkjunum fá viku frí að vori og skella sér þá á ströndina og sletta úr klaufunum. Frábær siður sem háskólanemar á Íslandi myndu eflaust taka fagnandi. PoppTV myndi sýna beint frá Nauthólsvíkinni þar sem alls konar hljómsveitir myndu spila og ungt fólk í misjöfnu ástandi myndi dansa með.



## LA TOMATINA

Tómataslagurinn á Spáni er dásamlegur siður þar sem tómötum er hent í annað fólk. Íslenskir grænmetisbændur gætu gefið tómata og svo væri Skólavörðustígur gatan þar sem fólk myndi stilla sér upp og fara í árlegan tómataslag. Tómatsafinn myndi svo renna ljúflega niður og það yrði mjög auðvelt að þrífa götuna með kröftugri vatnsbunu.



## SUPER BOWL AUGLÝSINGAR

Bandaríkjamenn setjast niður í hálfleik þegar leikið er um Ofurskálina í NFL-deildinni og horfa á auglýsingar. Hér höfum við enga ofurskál en við höfum bikarúrslitaleiki í handbolta, næstum því þjóðaríþróttinni. Auðvitað eiga SS, Ölgerðin, World Class og önnur rótgróin íslensk fyrirtæki að búa til sér auglýsingar fyrir hálfleikssýninguna í handboltanum.



## GROUNDHOG DAY

Miðað við hvað Íslendingar eru áhugasamir um veðrið er eiginlega ótrúlegt að við skulum ekki hafa tekið upp þennan sið. Sérstaklega í ljósi þess að ein besta kvikmynd sögunnar er búin til upp úr þessum sið þar sem ákveðið er hvort vorið verði gott eða ekki. Múrmeldýr eru ekki til á Íslandi þannig að hér mætti hugsanlega nota mink.



## NÁÐUN KALKÚNS

Þakkargjörðarhátíðin er frábær hátíð. Styttir biðina eftir jólunum. Það er vinsælt sjónvarpsefni í Bandaríkjunum þegar forsetinn náðar einn kalkún. Hér væri hægt að heimfæra þetta yfir á páskana þar sem við borðum mikið af lambakjöti. Guðni forseti slær alltaf í gegn, hvað þá ef hann myndi náða lamb í beinni útsendingu. Það væri frábært sjónvarp.



## TAILGATE PARTÍ

Ein skemmtilegustu partí í Bandaríkjunum eru svokölluð Tailgate partí, þar sem íþróttanördar koma saman á bílastæðum fyrir utan vellina og gera sér glaðan dag. Hér á Íslandi vantar alveg þessa hefð enda eru ekki fastir leikdagar á sumrin þótt yfirleitt sé spilað á sunnudögum. Hér væri hægt að gera miklu betur og gera dag úr því að fara á völlinn. Hvort sem það væri handbolti, fótbolti eða körfubolti.

## CINCO DE MAYO

Bandaríkjamenn halda stundum að þetta sé þjóðhátíðardagur Mexíkóa en Bandaríkin eru auðvitað sér á báti þegar kemur að heimsku þjóðar. Þetta er jú þjóðin sem kaus Donald Trump. Cinco de Mayo er haldin fimmta maí og þó þá sé stundum kalt hér á Fróni er ekkert að því að henda sér í smá taco og drekka Corona og tequila til að fagna því að vorið sé komið og grundirnar farnar að gróa.



## DAGUR HEILAGS ANDREW

St. Andrew's Day í Skotlandi er stórskemmtilegur dagur sem haldinn er hátíðlegur 30. nóvember. Skotar eru ekki þekktir fyrir ægilega góðan mat fyrir utan haggis og lambakjötið en þeir eru heimsfrægir fyrir drykkina sína. Og hvað er betra en að halda upp á dag þar sem má hella í sig skosku viskíi eða gini. Reyndar snýst dagurinn um að gefa 30 mínútur af lífi þínu til annarra og gera góðverk en það þýðir ekki að það megi enda hann með miklu af G-i og litlu af T-i.















## Bók Lífsins

# Erlingur Óttar Thoroddsen

LEIKSTJÓRI

**Hvað ertu að lesa núna?**
Var að klára yndislega bók sem heitir Call Me By Your Name eftir André Aciman, og hún á eftir að sitja í mér lengi.

**Besta bók sem ég hef lesið**
Uppáhaldsbókin mín er IT eftir Stephen King, ein besta hrollvekja sem skrifuð hefur verið og bók sem ég týnist gjörsamlega í þegar ég les hana (sem er orðið nokkuð oft!).

**Versta bók sem ég hef lesið**
Ég reyni að forðast að nota orðið „versta“ um bækur, bíómyndir eða tónlist o.s.frv. því það var einhver sem lagði gríðarlega vinnu í verkið og ég ber mikla virðingu fyrir því. En ég gafst upp á Mr. Mercedes eftir Stephen King, sem ég myndi nú samt segja að væri uppáhaldsrithöfundurinn minn.

**Hvað ætla ég að lesa næst**
Er alltaf með nokkrar við rúmið sem bíða eftir mér. Valið stendur á milli Snjómannsins eftir Jo Nesbø, Solaris eftir Stanisław Lem eða Dreggja dagsins eftir Kazuo Ishiguro, sem mér finnst ég verði að lesa núna þegar hann er búinn að fá Nóbelinn!






**Laddi teiknaði mikið á sínum yngri árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stressandi eins og að frumsýna leikrit

Leikarinn **Þórhallur Sigurðsson,** betur þekktur sem Laddi, mun á fimmtudaginn opna sína fyrstu einkasýningu. Hann líkir því að setja saman sýningu á listaverkum við að frumsýna leikrit.

Leikarinn Þórhallur Sigurðsson, eða Laddi eins og flestir þekkja hann, er að undirbúa sína fyrstu einkasýningu á myndlist sem hann hefur unnið að undanfarin ár. „Þetta eru verk sem ég er búinn að vera að dunda mér við að teikna og mála í nokkur ár. Flestar teikningar sem verða á sýningunni eru samt frá þessu ári.“

Spurður nánar út í verkin segir Laddi: „Þetta eru mestmegnis portrett, svona fígúrur, ekki alveg mennskar. Ég teikna með blekpenna og lita þetta með olíulitum á pappír,“ útskýrir Laddi sem lýsir verkum sínum sem litríkum.

Laddi segir það hafa staðið til að fara í myndlist síðan hann var unglingur. „En ég komst aldrei í þetta. Ég var alltaf teiknandi í gamla daga en svo lenti maður í öðrum bransa þannig að þetta sat á hakanum. Svo þegar ég varð sextugur þá ákvað ég að gera eitthvað í þessu, þannig að já, það má segja að þetta séu um tíu ár síðan að ég fór aftur að fikta í þessu og lofaði sjálfum mér að halda einkasýningu,“ segir Laddi sem varð 70 ára í janúar á þessu ári.



Eitt af verkum Ladda.

> ÉG VAR ALLTAF TEIKNANDI Í GAMLA DAGA EN SVO LENTI MAÐUR Í ÖÐRUM BRANSA ÞANNIG AÐ ÞETTA SAT Á HAKANUM.

Aðspurður hvernig sýningin leggist í hann segir hann þetta vera bæði spennandi og stressandi. „Ég er með hnút í maganum yfir þessu, þetta er eins og að frumsýna leikrit. Þetta er eiginlega sama, maður veit aldrei hvernig fólk tekur þessu. Þetta er bara spenna og kvíði.“

Þess má geta að á sýningunni verða í kringum 20 verk og flest í kringum stærð A3. Sýningin verður opnuð á fimmtudag í Smiðjunni Listhúsi, klukkan 20.

**gudnyhronn@365.is**







**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. — Sími 519 6000. Geysir.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Ung fórnarlömb hagsældar

Eitt sinn gerði ég könnun meðal þrettán ára nemenda í skóla einum í Andalúsíu og spurði í hverju velgengni væri fólgin. Flestir svöruðu á þá leið að maður yrði að vera frægur, eiga fræga eða fallega kærustu eða kærasta, eiga pening eða einhver tól eða tæki af einhverri gerð. Fyrst varð ég óskaplega hissa en þegar ég fór að velta því fyrir mér hvað þau hafa fyrir augum og eyrum alla daga rann upp fyrir mér ljós.

Ungmenni á Vesturlöndum lifa í heimi þar sem flest er dæmt eftir yfirborðinu en lítið skeytt um innihaldið. Afþreying og auglýsingaáróður sem við hellum yfir þau byggist á því að grípa athygli þeirra strax og vekja hjá þeim hégómagirnd og græðgi. Hagsældin krefst þess nefnilega að við fjöldaframleiðum neysluvarga frekar en meðvitaðar manneskjur. Fjöldi ungs fólks fórnar því velferð sinni með því að rembast við það óvinnandi verk að fullnægja hégómagirnd sinni og græðgi.

En þessi afþreying og meira að segja áróðurinn er síður en svo af hinu vonda. Það er með þetta eins og allt annað, þetta er gott í hófi. Við þurfum kannski ekki að skilja þau umkomulaus eftir í þessum hégómaflaumi og svo finnst mér eins og við mættum gera meira af því að halda að þeim hlutum sem virkilega geta fyllt líf þeirra einhverju innihaldi og gleði sem stendur af sér nýjabrumið. Fátt er bjartara en augun í unglingi sem fundið hefur sína köllun, sína list, sína lífsfyllingu. Því ekki að hjálpa þeim meira með það? Og ef það þarf að slökkva á farsímanum á meðan, þá finnst mér að við ættum að hætta að vera þessar teprur og slökkva. Símafyrirtækin hljóta að lifa það af.








